



Heilbrigðisdeild
Iðjuþjálfunarbraut
2007

*Aftur í vinnu eða nám:
Sjónarhorn notenda starfsendurhæfingar*

Magnfríður Sigurðardóttir
Sólveig Gísladóttir

Lokaverkefni til B.Sc. prófs í iðjuþjálfunarfræði

Verkefni þetta er lokaverkefni til B.Sc. prófs í iðjuþjálfunarfræði

Verkefnið unnu:

Magnfríður Sigurðardóttir

Sólveig Gísladóttir

Leiðbeinandi:

Kristjana Fenger

ÁGRIP

Tilgangur rannsóknarinnar var að fá fram upplifun fólks af hvað hjálpaði því aftur í vinnu eða nám eftir langvinn veikindi eða slys og hvernig það hjálpaði. Lagt var upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar: Hvað er það sem hjálpar fólki aftur í vinnu eða nám að lokinni starfsendurhæfingu? Með hvaða hætti nýtist hjálpin? Eigindlegri aðferðafræði var beitt til að gefa þátttakendum tækifæri á að tjá eigin upplifun og reynslu. Gögnum var safnað með opnum viðtölum við sex einstaklinga, þrjár konur og þrjá karla á aldrinum 23 til 54 ára. Í viðtölunum var stuðst við viðtalsramma sambærilegrar rannsóknar leiðbeinenda. Allir höfðu þátttakendur lokið starfsendurhæfingu hjá BYR á Húsavík og snúið aftur til vinnu eða haldið áfram námi að henni lokinni. Voru þeir valdir markvisst til þátttöku í rannsókninni úr hópi fyrrum skjólstæðinga BYR af verkefnisstjóra starfsendurhæfingarinnar. Viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð orðrétt og í framhaldi af því voru gögnin kóðuð opið í þeim tilgangi að draga fram þemu. Þannig urðu til fjögur meginþemu: Trú á mátt sinn og megin, stuðningur, nám og öryggi. Gögnin voru síðan lesin markvisst yfir og greind með þemun í huga. Megin þemað snéri að gagnsemi hjálparinnar sem jók trú þátttakenda á mátt sinn og megin um leið og þeir fengu raunhæfa mynd af eigin getu og sáu árangur verka sinna. Hjálpin sem gerði gæfumuninn var stuðningur fagfólks, fjölskyldna og vina sem efldi og styrkti þátttakendur til sjálfshjálpar. Sérstaklega mikinn stuðning fengu þátttakendur hver hjá öðrum, en í gegnum hópeflistíma byggðist upp trúnaður og traust þeirra á milli sem leiddi til samkenndar sem var þeim ómetanleg. Allir viðmælendur tóku þátt í námshlutanum en í ljós kom að konurnar héldu náminu áfram eftir endurhæfinguna og sáu þar tækifæri til að leggja grunn að nýjum starfsvettvangi en þær voru yngri en karlarnir. Einnig jók fræðsla færni þátttakenda í að takast á við hið daglega líf. Þátttakendur bjuggu allir við fjárhagslegt

öryggi á meðan á endurhæfingu stóð en fimm þeirra fengu greiddan endurhæfingarlífeyri frá Tryggingarstofnun Ríkisins og einn örorkubætur. Einhverjir fengu einnig greiðslur frá lífeyrissjóðum og/eða barnalífeyri. Fjárhagslegt öryggi er forsenda þess að fólk geti einbeitt sér að starfsendurhæfingu. Þessar niðurstöður geta nýst við skipulagningu starfsendurhæfingar í framtíðinni.

Lykilhugtök: Starfsendurhæfing, starfshlutverk, að snúa aftur til vinnu, eigindleg rannsókn.

ABSTRACT

The purpose of this study was to explore what people who had been in vocational rehabilitation following an injury or disease found helpful on their journey back to work or study and how it helped them. Two research questions were posed: What is it that helps people return to work or studies post vocational rehabilitation? In what way did this help benefit? Qualitative methodology was applied to give the participants an opportunity to express their own experiences. Data were collected from a purposeful sample of six individuals, three women and three men at the age of 23 to 54 years through open interviews. All participants had completed vocational rehabilitation at BYR in Húsavík and returned to work or continued their studies post intervention. The data was analyzed using open coding where four main themes emerged, followed by systematic coding: The themes were: Belief in personal causation, support, studies and safety. The main theme that indicated the beneficence of the help was the persons' increased "belief in personal causation" including self-efficacy and sense of capacity. This meant that the participants were empowered to take control of their lives. The help that made the difference in this growth of the persons were: "Support" from professionals, family and friends; "Group dynamics" where strong ties were established within the group mirroring the importance of each and one of the participants as persons; "Studies" were participants incorporated more life skills and where studies on high school level opened opportunities for career change; "Safety" while the rehabilitation was in action, both social and financial safety through Social Insurance pensions or disability pension as well as pensions from other funds. The results from this study can be used for the planning of vocational rehabilitation programmes elsewhere. *Key words: Vocational rehabilitation, worker role, return-to-work, qualitative research.*

ÞAKKARORÐ

Við viljum þakka leiðbeinanda okkar Kristjönu Fenger fyrir frábæran stuðning, þolinmæði og margar góðar ábendingar við vinnslu þessa rannsóknarskýrslu. Við þökkum Geirlaugu G. Björnsdóttur fyrir að hafa haft milligöngu um að útvega þátttakendur í rannsóknina. Viðmælendum þökkum við fyrir að taka þátt í þessu verkefni og veita okkur innsýn í líf sitt. Einnig fá þakkir Kristín Jónsdóttir MA í íslenskum bókmenntum fyrir yfirlestur og Deborah J. Robinson iðjuþjálfari fyrir þýðingu á ágripi. Síðast en ekki síst þökkum við fjölskyldum okkar fyrir stuðninginn, hvatninguna og þolinmæðina sem þær hafa sýnt okkur síðastliðin fjögur ár og við gerð þessarar skýrslu.

EFNISYFIRLIT

KAFLI I Inngangur	1
KAFLI II Heimildasamantekt.....	5
Atvinna	5
<i>Vinnan og einstaklingurinn</i>	5
<i>Vinnan og samfélagið</i>	7
<i>Orsakir atvinnumissis</i>	7
Örorka og endurhæfing	8
<i>Örorkumat nú á tímum</i>	8
<i>Fjölgun öryrkja</i>	9
<i>Endurhæfingarlífeyrir</i>	10
<i>Tillögur að breyttu örorkumati</i>	11
<i>Að koma í veg fyrir örorku</i>	11
Starfsendurhæfing	12
<i>Starfsendurhæfingarúrræði</i>	13
<i>BYR</i>	14
<i>Úrræði á almennum vinnumarkaði</i>	15
<i>Iðjuþjálfar í starfsendurhæfingu</i>	16
Áhrifaþættir.....	17
<i>Persónulegir þættir</i>	17
<i>Eflandi þættir</i>	18
Samantekt	19
KAFLI III Aðferðafræði.....	21
Rannsóknaraðferð	21
Framkvæmd	22

KAFLI IV Niðurstöður og umræða	25
Trú á mátt sinn og megin.....	26
<i>Trú á eigin getu</i>	26
<i>Sjá árangur gjörða sinna</i>	27
Stuðningur	29
<i>Hópefli</i>	29
<i>Fagfólk</i>	30
<i>Fjölskyldan</i>	32
Nám	32
<i>Einstaklingsmiðað nám</i>	32
<i>Fræðsla</i>	33
Öryggi.....	34
<i>Fjárhagslegt öryggi</i>	34
<i>Félagslegt öryggi</i>	35
KAFLI V Niðurlag.....	37
HEIMILDASKRÁ	40
FYLGISKJAL A Leyfi vísindasiðanefndar.....	47
FYLGISKJAL B Tilkynning til persónuverndar	49
FYLGISKJAL C Viðtalsrammi	51
FYLGISKJAL D Kynningarbréf til þátttakenda	53
FYLGISKJAL E Upplýst samþykki	56

KAFLI I

INNGANGUR

Fjölgun örorkulífeyrisþega hefur leitt til aukinna útgjalda almannatrygginga og lífeyrissjóða úr tæpum 10 milljörðum króna árið 1998 í tæpa 20 milljarða árið 2005 (á verðlagi ársins 2005). Jafnframt verður atvinnulífið af starfskröftum þeirra sem hverfa af vinnumarkaði, ríki og sveitarfélög verða af skatttekjum og einstaklingurinn sjálfur missir tekjur (Forsætisráðuneytið, 2007). Algengustu orsakir örorku á Íslandi eru geðraskanir og stoðkerfisraskanir. Rannsóknir sýna að fjölgun nýskráðra öryrkja er mjög breytileg frá einu ári til annars. Sýnt hefur verið að sá breytileiki tengist öðru fremur breytingum á atvinnuleysisstigi (Sigurður Thorlacius, Sigurjón B. Stefánsson og Stefán Ólafsson, 2007).

Þá hafa rannsóknir sýnt að þegar fólk hefur verið óvinnufært lengur en tvo mánuði dregur fljótt úr sjálfsöryggi, sjálfsbjargarviðleitni og fótfestu á vinnumarkaði. Því er afar brýnt að geta gripið fljótt inn í þennan vítahring til að fyrirbyggja að viðkomandi verði öryrki fyrir lífstíð (Kärrholm, Ekholm, Jakobsson, Ekholm, Bergroth og Schüldt, 2006; Sigurður Thorlacius, Gunnar Kr. Guðmundsson og Friðrik Jónsson, 2002a). Einnig bentu Sigurður Thorlacius og félagar (2002a) á með tilvísan í Selander, Marnetoft, Bergroth og Ekholm (1997) að þeir fjármunir sem varið hefur verið til starfsendurhæfingar í Svíþjóð hafa skilað sér margfalt aftur til þjóðarbúsins.

Til skamms tíma hafa úrræði á sviði atvinnulegrar endurhæfingar aðallega verið í boði á höfuðborgarsvæðinu. Á því varð breyting árið 2003, en þá var stofnuð á Húsavík starfsendurhæfing öryrkja, sem síðan fékk nafnið BYR starfsendurhæfing (Geirlaug G. Björnsdóttir, 2005a).

Fjöldi rannsókna á starfsendurhæfingu hafa verið gerðar, flestar erlendar en fáar íslenskar. Rannsóknirnar beina m.a. sjónum að viðhorfi skjólstæðinga til starfsendurhæfingar og starfshæfni eftir endurhæfinguna (Honey, 2000; Isaksson Mettävainio og Ahlgren, 2004; Sigurður Thorlacius, Gunnar Kr. Guðmundsson og Friðrik Jónsson, 2002b) og ýmsum þáttum sem sýnt þykir að spái fyrir um það hvort fólk hverfi til vinnu aftur eða ekki eftir slys eða langvinn veikindi (Braveman, 1999; Hansen, Edlund og Henningsson, 2006; Isaksson Mettävainio og Ahlgren, 2004). Engin íslensk rannsókn er til um hvaða þættir starfsendurhæfingar hjálpa og hvernig. Markmiðið með þessari rannsókn er að fá fram sjónarmið þeirra sem lokið hafa starfsendurhæfingu, hvað hjálpar þeim til að komast í vinnu eða nám að henni lokinni og hvernig hjálpin nýtist. Niðurstöðurnar má nota sem grundvöll til að gera umbætur á þeirri starfsendurhæfingu sem fyrir er í landinu. Einnig mætti nota þær sem þekkingarbrunn þegar verið er að koma á fót starfsendurhæfingu.

Í þessari rannsókn er leitast við að svara spurningunum: Hvað er það sem hjálpar fólki aftur í vinnu eða nám að lokinni starfsendurhæfingu? Með hvaða hætti nýtist hjálpin? Til þess að komast að þessu eru tekin opin viðtöl við sex einstaklinga, sem allir hafa lokið starfsendurhæfingu hjá BYR og snúið aftur til vinnu eða haldið áfram námi að henni lokinni í að minnsta kosti þrjá mánuði. Notuð er eigindleg rannsóknaraðferð, viðtölin eru tekin upp, afrituð orðrétt og síðan kóðuð opið í þeim tilgangi að draga fram þemu. Rannsóknin er hluti af rannsókn leiðbeinanda og stuðst er við sama viðtalsramma í báðum rannsóknunum.

Starfsendurhæfingin BYR byggir á skjólstæðingsmiðaðri nálgun, þar sem aðferðafræði valdeflingar er notuð til að efla einstaklinginn og virkja hann (Elsa S. Þorvaldsdóttir, 2006). Þetta samræmist vel hugmyndafræði iðjuþjálfunar sem endurspeglar þá trú að þátttaka í hvers konar iðju hafi áhrif á heilsu sérhvers manns

og vellíðan hans. Eitt af hlutverkum iðjuþjálfara er að efla fólk til að velja, skipuleggja og stunda þá iðju sem því finnst mikilvæg eða gagnast því í þess eigin umhverfi. Það hvort menn fari aftur til vinnu í kjölfar veikinda eða slysa fer eftir ýmsum þáttum. Samkvæmt líkaninu um iðju mannsins (Kielhofner, 2002) þá fer það eftir því hvort viðkomandi hafi vilja til verka s.s. hvort hann trúir því að hann geti framkvæmt vinnuna, hvort hann hafi áhuga á því og hvort það skipti hann máli. Einnig hafa þau hlutverk sem hann gegnir áhrif á hvað honum er ætlað að gera og hvað hann tekur sér fyrir hendur. Vani hefur áhrif á hvenær og hvernig hann framkvæmir verkin og framkvæmdagetan skiptir þar einnig máli. Umhverfið, það er að segja ýmsir þættir þess geta hindrað atvinnuþátttöku s.s. skortur á viðfangsefnum og tækifærum og á sama hátt getur umhverfið ýtt undir þátttöku (Kielhofner, 2002).

Hugsanlegar takmarkanir rannsóknarinnar lúta að því að viðmælendur voru valdir af milligöngumanni sem einnig kom að endurhæfingu þeirra. Þá er minni viðmælenda ekki óbrigðult og rannsakendur nýgræðingar á sviðinu.

Hér á eftir fara skilgreiningar á meginhugtökum sem koma fram í þessu verkefni:

Nám er öflun menntunar á vegum skóla, vinnustaðar eða hins opinbera (Guðrún Pálmadóttir, Kristjana Fenger, Rósa Hauksdóttir, Sigrún Garðarsdóttir, Snæfríður Þóra Egilson og Þóra Leósdóttir, 1996).

Starfsendurhæfing miðar að því að gera viðkomandi einstakling hæfari til að taka að sér starf eftir veikindi eða áföll. Starfsendurhæfing þarf því ekki nauðsynlega að fela í sér lækningu við sjúkdómum eða fötlun heldur getur í henni falist menntun eða starfsþjálfun hvers konar sem miðast að því að laga einstaklinginn að breyttum aðstæðum (Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

Rannsóknarskýrsla þessi skiptist í fimm kafla. Fyrsti kaflinn er inngangur. Annar kafli er fræðileg samantekt heimilda þar sem fjallað er um atvinnumissi og örorku, starfsendurhæfingu og ýmsa þætti er hafa áhrif á að fólk snúi aftur til vinnu í kjölfar veikinda eða slysa. Aðferðafræðinni sem notuð er við gerð rannsóknarinnar er svo gerð skil í þriðja kafla og í þeim fjórða eru niðurstöður birtar og umræður um þær. Niðurlag rannsóknarinnar er í lokakafla hennar en þar er rannsóknarspurningum svarað í hnotskurn, fjallað um takmarkanir rannsókna, hagnýtt gildi hennar og þörf á áframhaldandi rannsóknum á sama sviði.

KAFLI II

HEIMILDASAMANTEKT

Í þessum kafla eru teknar saman heimildir um efni sem tengist atvinnu og mikilvægi hennar og atvinnumissi af ýmsum orsökum sem leiða til örorku. Fjallað er um örorku og fjölgun öryrkja og tillögur til að draga úr þeirri þróun. Einnig er vikið að þeim þáttum sem helst hafa áhrif á að fólk snúi aftur til vinnu eða í nám eftir að hafa þurft frá að hverfa vegna sjúkdóma eða slysa. Tekin eru saman helstu úrræði á sviði starfsendurhæfingar á Íslandi og í lok kaflans er umfjöllun um Starfsendurhæfinguna BYR á Húsavík.

Atvinna

Samkvæmt iðorðasafni iðjuþjálfra (1996) er atvinna skilgreind sem iðja sem er launuð og oftast stunduð í þeim tilgangi að afla sér lífsviðurværis. Hagstofa Íslands styðst við skilgreiningu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar í sínum vinnumarkaðsrannsóknnum þar sem atvinna er skilgreind sem hverskonar vinna gegn endurgjaldi, peningum eða fríðu, ólaunuð aðstoð við fyrirtæki eigin fjölskyldu, ólaunuð vinna við byggingu eigin íbúðarhúsnæðis eða framleiðslu til eigin neyslu (Hagstofan, 2007).

Vinnan og einstaklingurinn

Vinnan hefur alltaf skipað háan sess í lífsgildum fólks, ekki síst hjá Íslendingum (Kristjana Fengler, 1998; Stefán Ólafsson, 2005). Rannsóknir hafa sýnt að vinnan er afar mikilvæg fyrir andlegt heilbrigði fólks og hefur víðtækt gildi fyrir einstaklinga á öllum stigum þjóðfélagsins (Hjálmar G. Sigmarsson, 2006). Starfshlutverkið er mikilvægur þáttur í vellíðan flestra fullorðinna, óháð heilsufari, og mótar félagslega stöðu fólks og því er mikilvægt að komast að því hvað getur virkjað

einstaklinga aftur til þátttöku í samfélaginu verði þeir fyrir því að missa vinnuna af einhverjum ástæðum. Einstaklingarnir sjálfir og þjóðfélagið í heild njóta góðs af því (Kennedy-Jones, Cooper og Fossey, 2005; Ólafur Ólafsson, 2004; Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

Í eigindlegri viðtalsrannsókn á upplifun 26 sjómanna á því að verða óvinnufærir vegna vinnuslysa og missa þar með starfshlutverk sín, brotnaði sjálfsmynd þeirra og þeir upplifðu sig sem ónytjunga (Murray, 2005). Þeir voru frá litlu sjávarplássi á Nýja-Sjálandi þar sem sjávarútvegur var aðalatvinnugreinin og allir höfðu mennirnir samsamað sig starfshlutverkinu mjög sterkt. Svipuð niðurstaða kom fram í þýskri rannsókn um vinnu, heilsu og velferð þar sem einstaklingar með langa vinnusögu misstu skyndilega starfshlutverk sín (Siegrist, 2006). Þar var ennfremur talað um að styðjandi umhverfi ýti frekar undir að hæfileikar fólks myndu blómstra, það eflast og fá notið sín. Félagsleg tækifæri urðu til þess að efla sjálfsvirðingu fólks og stuðla að því að það næði árangri. Það hafði svo aftur jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan þeirra.

Gott er til þess að vita að félagsmálaráðherra, Magnús Stefánsson, sem fer með atvinnumál þjóðarinnar, hafi áttað sig á mikilvægi vinnu fyrir alla, en í ræðu hans á ársfundi Alþýðusambands Íslands í október 2006 lét hann þau orð falla að það þyrfti að veita flestum tækifæri til að vera virkir þátttakendur á vinnumarkaðnum. Þannig væri ekki aðeins dregið úr kostnaði fyrir samfélagið til lengri tíma litið, heldur fyrst og fremst verið að bæta lífsgæði einstaklinganna sjálfra en það skiptir mestu máli þegar allt kemur til alls. Einnig sagði hann að markviss starfsendurhæfing, þar sem stefnt væri á atvinnuþátttöku, væri til þess fallin að koma í veg fyrir fátækt og félagslega einangrun (Félagsmálaráðuneytið, 2006).

Vinnan og samfélagið

Veikt fólk og öryrkjar leggja minna til landsframleiðslunnar en heilbrigðir einstaklingar á vinnumarkaði. Það leiðir til þess að meðalframleiðni og möguleikar landa til hagvaxtar eru minni en ef starfskraftar allra einstaklinga á vinnubærum aldri væru fullnýttir (Tryggvi Þór Herbertsson, 2005). Ríki og sveitarfélög missa skatttekjur, einstaklingurinn tekjur og atvinnulífið verður af starfskröftum þeirra sem hverfa af vinnumarkaði. Því er brýnt að komast að því hvað hjálpar fólki að komast aftur í vinnu eftir slys eða veikindi og hvaða endurhæfingarúræði skila bestum árangri (Forsætisráðuneytið, 2007).

Í grein Sager og James (2005) er fjallað um rannsóknir á hagkvæmni starfsendurhæfingar með tilliti til kostnaðar sem hlýst af fjarveru frá vinnumarkaði. Þar kemur fram að það er hagur bæði vinnuveitanda og starfsmanns að hann snúi sem fyrst aftur til vinnu. Í rannsóknunum er skilgreindur ýmis beinn og óbeinn kostnaður í tengslum við vinnumeiðsli, þar með talinn kröfukostnaður, framleiðslutap, hækkað tryggingariðgjald, afleysingarfólk, starfsþjálfun og endurþjálfun, ásamt þekkingu sem glatast. Þrátt fyrir aukna áherslu á árangur af starfsendurhæfingu til að draga úr þessum kostnaði, er ekki hægt að ganga út frá því sem vísu að hún mæti þörfum skjólstæðingsins og sé árangursrík fyrir hann. Þess vegna er þörf á að komast að upplifun slasaðra starfsmanna á starfsendurhæfingunni (Sager og James, 2005).

Orsakir atvinnumissis

Samfélagslegar ástæður þess að fólk hverfur af vinnumarkaði eru nokkrar og má þar nefna samdrátt á vinnumarkaði sem leiðir til atvinnuleysis, en þá standa þeir verst að vígi sem hafa ekki fulla starfsorku og þeir sem hafa litla menntun. Einnig gerir vinnumarkaðurinn auknar kröfur til fólks, en ekki hafa allir burði til að rísa undir

þeim og flosna því úr vinnu af þeim sökum (Elín Valgerður Margrétardóttir, 2006; Stefán Ólafsson, 2005). Afleiðingar slysa, fatlanir ýmiss konar, ásamt ýmsum sjúkdómum koma einnig í veg fyrir að fólk geti stundað vinnu og eru það geðraskanir og sjúkdómar í stoðkerfi sem oftast leiða til örorku (Sigurður Thorlacius, o.fl., 2007).

Örorka og endurhæfing

Margir telja að algengasta form örorku sé meðfædd fötlun eða heilsufarsvandi en svo er ekki. Í langflestum tilvikum er örorka afleiðing veikinda og annarra alvarlegra lífsviðburða sem verða á ævinni (Stefán Ólafsson, 2005). Helmingi fleiri konur en karlar voru metnar með örorku vegna stoðkerfissraskana en fleiri karlar voru með örorku vegna geðraskanna (Sigurður Thorlacius, Sigurjón B. Stefánsson, Ranavaya og Walker, 2002; Sigurður Thorlacius, o.fl., 2007).

Örorkumat nú á tímum

Í megindráttum má skipta þeirri leið sem liggur að örorkulífeyri í þrennt: rétt til sjúkradagpeninga, rétt til endurhæfingarlífeyris og að lokum örorkumat og tilsvarandi rétt til örorkulífeyris (Tryggvi Þór Herbertsson, 2005). Hér á landi er örorka metin á grundvelli laga um almannatryggingar nr. 117/1993, en samkvæmt 12. gr. laganna er hærra stig örorku (að minnsta kosti 75% örorka) metið þeim sem eru á aldrinum 16-67 ára og hafa verulega og langvarandi skerðingu á starfsgetu. Samkvæmt 13. gr. laganna er lægra örorkustigið (að minnsta kosti 50% en lægri en 75%) metið þeim sem hafa minna skerta starfsgetu eða verða fyrir umtalsverðum aukakostnaði vegna örorku sinnar. Fram til 1. september 1999 var hærra örorkustigið metið á grundvelli læknisfræðilegra, fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna, en eftir það einungis á læknisfræðilegum forsendum en það skiptist í mat á líkamlegri færni

annars vegar og mat á andlegri færni hins vegar (Lög um almannatryggingar nr. 117/1993; Tryggvi Þór Herbertsson, 2005). Ákvæði um endurhæfingarlífeyri kom inn í lög um almannatryggingar árið 1989 en var fært yfir í lög um félagslega aðstoð árið 1993 (Lög um félagslega aðstoð nr. 118/1993).

Árið 1999 gengu í gildi breytingar á almannatryggingalögnum og var tekið upp það nýmæli að gert er ráð fyrir virkri þátttöku Tryggingastofnunar Ríkisins (TR) í endurhæfingu óvinnufærs fólks og að krefjast megi þess af umsækjendum að þeir gangist undir endurhæfingu áður en örorkumat fer fram (Sigurður Thorlacius, o.fl., 2002a). Því kom TR á fót tveimur matsteymum í Reykjavík og einu á Akureyri, til að meta endurhæfingarmöguleika fólks sem verið hefur óvinnufært í nokkra mánuði og þykir að óbreyttu ekki líklegt til að snúa aftur til vinnu á næstunni. Matsteymin í Reykjavík eru endurhæfingarmatsteymi Gunnars Kr. Guðmundssonar og endurhæfingarmatsteymi Janusar. Á Akureyri er það endurhæfingarmatsteymi Starfsendurhæfingar Norðurlands. Í teyminu í Reykjavík starfa meðal annars iðjuþjálfari, endurhæfingarlæknir, geðlæknir, félagsráðgjafi, sálfræðingur og sjúkraþjálfari, en á Akureyri eru það iðjuþjálfari, læknir, félagsráðgjafi, sálfræðingur, sjúkraþjálfari og náms- og starfsráðgjafi (Geirlaug G. Björnsdóttir, 2005b; Tryggingastofnun Ríkisins, 2007).

Fjölgun öryrkja

Örorkulífeyrisþegum hér á landi fjölgaði um tæplega 6% að meðaltali á ári síðastliðinn áratug, eða úr 7.800 í árslok 1997 í 13.200 í árslok 2006 (Forsætisráðuneytið, 2007). Ástæður þessarar fjölgunar geta verið nokkrar en eitt af því sem getur haft áhrif á ákvörðun fólks um að sækja um örorkubætur er menntunarstig þess og starfsreynsla. Menntað fólk getur oft haldið áfram að vinna

þrátt fyrir umtalsverða líkamlega fötlun, en þeir sem eru með litla menntun stunda oft erfiða líkamlega vinnu og þurfa iðulega að láta af störfum þegar slys eða veikindi ber að höndum. Út frá þessu má gera ráð fyrir að í hópi öryrkja sé hlutfallslega fleira lágtækjufólk (Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

Nefnd skipuð af forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar skilaði af sér skýrslu í mars 2007. Þar kom fram að þeir sem eru með 75% örorkumat fá fullar bætur en þeir sem metnir eru á bilinu 50-74% fá mjög lítið. Þeir sem metnir eru 49% eða minna fá ekki neitt. Þetta getur hindrað endurhæfingu og komið í veg fyrir að fólk með minni örorku fái nauðsynlega aðstoð. Einnig veldur þetta þrýstingi á úrskurðaraðilann og viðkomandi einstakling því að báðir vita hvað er í húfi ef þessum mörkum er ekki náð (Forsætisráðuneytið, 2007).

Í rannsókn um endurhæfingarlífeyri og örorkulífeyri kom fram að yngri aldurshópar fá einkum metinn endurhæfingarlífeyri en eldra fólk örorkulífeyri sem bendir til að því lengra sem eftir er af væntanlegri starfsævi því meiri áhersla er á endurhæfingarlífeyri (Sigurður Thorlacius, Sigurjón B. Stefánsson, Halldór Baldursson og Haraldur Jóhannsson, 2004).

Endurhæfingarlífeyrir

Öryggi er mikilvægt fyrir sjálfsmynd einstaklinga og er ein af grunnþörfum mannsins (Rice, 2001). Tilgangur endurhæfingarlífeyris er að tryggja örugga framfærslu þeirra sem þarfnast endurhæfingar til að ná starfsorku á ný vegna langvarandi sjúkdóma eða afleiðinga slysa. Til þess er ætlast að bótaþegi sé í virkri endurhæfingu á því tímabili sem hann fær greiddan endurhæfingarlífeyri en lífeyrir er yfirleitt greiddur frá einu ári og upp í 18 mánuði. Hætti einstaklingur í endurhæfingu missir hann rétt til endurhæfingarlífeyris. Beri endurhæfing árangur kemur

viðkomandi einstaklingur aftur út á vinnumarkað en ella sækir hann um örorkumat (Geirlaug G. Björnsdóttir, 2005b; Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

Tillögur að breyttu örorkumati

Samkvæmt riti Tryggva Þórs Herbertssonar (2005) um fjölgun öryrkja á Íslandi er mikill fjárhagslegur hvati fyrir láglæunafólk að leita eftir örorkumati, enda getur það hækkað laun sín umtalsvert með því móti. Að sama skapi er lítil hvati að hætta á örorkubótum nema vel launuð vinna sé í boði. Ein lausn til að koma í veg fyrir að vinnufært fólk komist á bætur er að hverfa frá þeirri stefnu sem mörkuð var með nýjum örorkumatsstaðli árið 1999. Mun heppilegra væri að líta í auknum mæli til þess hvort viðkomandi einstaklingur geti unnið þrátt fyrir fötlun sína (Tryggvi Þór Herbertsson, 2005). Í áðurnefndri skýrslu fjármálaráðuneytisins (2007) er lagt til að tekið verði upp mat á getu einstaklingsins til að afla tekna í kjölfar sjúkdóms eða slyss. Einnig er lagt til að starfsgetan verði mæld í prósentustigum, sem þýðir að einstaklingur sem er metin með 60% starfsgetu fái 40% af fullum bótum (Forsætisráðuneytið, 2007).

Að koma í veg fyrir örorku

Rannsóknir hafa sýnt að snemmtæk íhlutun hefur skilað árangri. Þetta má sjá t.d. í rannsóknnum sem sýna að þegar gripið er inn í óvirkni einstaklingsins, eða innan fjögurra til átta vikna frá atvinnumissi eða veikindum, þá skilar það mestum árangri. Því lengri tími sem líður því erfiðari verður viðsnúningurinn aftur inn á vinnumarkaðinn. Snemmtæk íhlutun getur verið til dæmis starfsþjálfun, nám og hópefli og við veikindi mætti gera samning um endurkomu á vinnustað (Gunnar Kr. Guðmundsson, 2007; Hansen, Edlund og Henningsson, 2006; Sigurður Thorlacius,

o.fl., 2002a; Tryggvi Þór Herbertsson, 2005). Það sem hjálpar mest er að efla trú á eigin áhrifamátt, að einstaklingurinn trúir að hann geti lært, að hann geti unnið annað starf og styrkt sjálfan sig og stöðu sína (Ekbladh, Haglund og Thorell, 2004; Braveman, 1999).

Í títtnefndri skýrslu um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar er lagt til að breytingar verði gerðar á skilgreiningu á örorku og rétti til örorkulífeyris og viðmiðanir um örorkumat í almannatryggingakerfinu og lífeyrissjóðakerfinu verði samræmdar. Skilið verði á milli mats á þörf einstaklingsins fyrir stoðþjónustu og mats á getu hans til að afla tekna (Forsætisráðuneytið, 2007). Í dag er starfsendurhæfing ein af þeim úrræðum sem í boði er hér á landi. Árangur hefur verið kannaður af þeirri endurhæfingu sem matsteymi TR vísaði í. Tekinn var hópur sem fengið hafði starfsendurhæfingu og borinn saman við einstaklinga sem höfðu hafið töku endurhæfingarlífeyris á árinu 1997 eða áður en starfsendurhæfing hófst. Niðurstöður sýndu að einu til tæplega tveimur árum eftir að mati lauk voru 44 af 109 þeirra sem fóru í starfsendurhæfingu á örorkubótum en í samanburðarhópnum voru 97 af 119 ennþá á örorkubótum. Er þetta svipaður árangur og af starfsendurhæfingu á vegum tryggingastofnana í Svíþjóð. Árangurinn sýnir að væntingar um að starfsendurhæfing geti komið í veg fyrir örorku hafa staðist (Sigurður Thorlacius, o.fl., 2002a).

Starfsendurhæfing

Í riti Tryggva Þórs Herbertssonar (2005) um fjölgun öryrkja á Íslandi, kemur fram að velferð hvers manns er háð því að hann geti fundið sér það starf sem hæfir getu hans. Starfsendurhæfing er ein þeirra leiða sem farin hefur verið til að hamla fjölgun öryrkja hér á landi og getur hún verið af ýmsum toga og markmið ólík. Oft er

stefnt að því að fólk fari í vinnu en einnig getur starfsendurhæfingin falið í sér menntun eða starfsþjálfun sem miðar að því að aðlaga einstaklinginn að breyttum aðstæðum. Eitt af markmiðum starfsendurhæfingar er að bæta lífsgæði þeirra einstaklinga sem hennar njóta en auk þess getur hún dregið úr kostnaði þjóðfélagsins af völdum örorku (Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

Starfsendurhæfingarúrræði

Unnið er víða að starfsendurhæfingu á Íslandi í dag og eru flest úrræðin á höfuðborgarsvæðinu. Þau úrræði sem eru með samning við TR eru; Janus endurhæfing sem er í samstarfi við Iðnskólann í Reykjavík (Kristín Siggeirsdóttir, Unnur Alfreðsdóttir, Guðrún Einarsdóttir og Brynjólfur Y. Jónsson, 2004), Starfsendurhæfing Norðurlands með starfsstöðvarnar BYR á Húsavík og Akureyri (Geirlaug G. Björnsdóttir, 2005b), Atvinnuleg endurhæfing á Reykjalundi og Hringisjá sem er starfsþjálfun fatlaðra og byggir á námi. Fyrir geðfatlaða eru notendastýrð úrræði eins og AE Starfsendurhæfing með þjónustusamning við Félagsmálaráðuneytið (Sæunn Stefánsdóttir, 2007), Hugarafl fyrir geðsjúka í bata sem heyrir undir heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Klúbburinn Geysir sem er á fjárlögum frá Alþingi og styrkjum en þar fær fólk aðstoð við starfsleit. Ennfremur er Atvinna með stuðningi, fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu á vegum Svæðisskrifstofu Reykjavíkur og Ráðning til reynslu sem Klúbburinn Geysir og Vinnumálastofnun standa að. Þá eru ýmis úrræði sem eru samstarfsverkefni á milli TR og Félagsþjónustu Reykjavíkur (Guðmundur Hilmarsson, Gunnar Kr. Guðmundsson, Hrafn Magnússon, Ragnar Árnason, Sigurður P. Sigmundsson, Sigurður Thorlacius o.fl., 2005).

BYR

BYR starfsendurhæfing hóf starfsemi sína í ágúst 2003 á Húsavík og er samstarfsverkefni Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga og Framhaldsskóla Húsavíkur. Starfsfólk sem kemur að starfsendurhæfingunni kemur úr ýmsum fagstéttum, svo sem iðjubjálfi, læknir, sjúkraþjálfari, sálfræðingur, ráðgjafi frá félagsþjónustu, kennarar og fjármálaráðgjafi. BYR býður annars vegar upp á langtíma endurhæfingu sem stendur í eitt til þrjú ár með eftirfylgd og hins vegar styttri endurhæfingu í fjóra til sex mánuði. Frá upphafi hafa 72 einstaklingar verið þátttakendur, af þeim voru 59 með grunnskólanám, fjórir með iðnnám, einn með háskólanám og átta með sérnám. Staða þeirra sem hafa lokið þátttöku, alls 48 einstaklingar er að 17 eru í námi, 12 í vinnu, fimm í virkri endurhæfingu, fimm í vinnu með örorku, einn í barneignarfrí og átta sem hafa hætt. Á árinu 2006 var síðan stofnuð Starfsendurhæfing Norðurlands með aðsetur á Akureyri og er starfsendurhæfingin á Húsavík undir henni, en báðar starfsstöðvarnar ganga undir nafninu BYR (Geirlaug G. Björnsdóttir, 2005b).

Markhópur BYR er fólk með skerta vinnufærni af ýmsum orsökum, einstaklingar með örorkumat og/eða þeir sem þiggja endurhæfingarlífeyri frá TR og/eða lífeyrissjóðum, ásamt þeim sem eru á framfærslu sveitarfélags eða á atvinnuleysisbótum. Aðalmarkmiðin eru að þátttakendur fari í vinnu eða nám að endurhæfingu lokinni, að lífsgæði þeirra og fjölskyldna þeirra aukist, en einnig að endurhæfing sé veitt í heimabyggð. Lögð er áhersla á að auka möguleika einstaklingsins á vinnumarkaði með námsframboði á framhaldsskólastigi en algengt er að þeir sem detta út af vinnumarkaði af ýmsum orsökum séu með litla grunnmenntun. Unnið er á heildrænan hátt með einstaklinginn, út frá sálrænu og líkamlegu ástandi og félagslegri stöðu hans (Geirlaug G. Björnsdóttir, 2005a).

Í byrjun endurhæfingar er farið af stað með hópefli einu sinni í viku í fjóra til sex mánuði til að einstaklingarnir kynnist innbyrðis. Það er talið mikilvægt og miðar að því að styrkja þá og mynda samheldni og traust innan hópsins áður en námið hefst. Hópeflið sem iðjuþjálfari og verkefnisstjóri starfsendurhæfingarinnar halda utan um, hefur gefist vel og verið mörgum hvatning til að takast á við það sem fram undan er (Elsa S. Þorvaldsdóttir, 2006).

Næsta þrep starfsendurhæfingarinnar er þegar þátttakendur hefja tveggja anna bóklegt nám á framhaldsskólastigi sem lýkur með útskrift. Þá fækkar hópeflistímum og eru eftir það aðra hverja viku en hóptímar sem ætlaðir eru til stuðnings, með sömu fagaðilum, koma á móti. Námið er sniðið að þörfum hvers og eins, þ.e.a.s. einstaklingsmiðað, og fá einstaklingarnir aðstoð við að setja sér markmið um það. Þriðja þrepið er eftirfylgd eftir útskrift í allt að þrjú ár (Elsa S. Þorvaldsdóttir, 2006).

Úrræði á almennum vinnumarkaði

Atvinna með stuðningi (AMS) er árangursrík leið í atvinnumálum fyrir þá sem fötlunar sinnar vegna þurfa aðstoð við að komast út á vinnumarkaðinn. Lögð er áhersla á að finna starf út frá áhuga og styrkleikum einstaklingsins. Ráðgjafi AMS þjálfar einstaklinginn á vinnustaðnum og styður áfram eins og þörf er á (Guðmundur Hilmarsson, o.fl., 2005). Ráðning til reynslu er úrræði sem Vinnumálastofnun býður upp á, en það felur í sér að vinnuveitendum er boðið að ráða fólk til reynslu með sérstökum samningum. Þannig geta vinnuveitendur kynnst verðandi starfsmanni en starfstímabilið er þrír til sex mánuðir. Ef vel tekst til getur verið um framtíðarráðningu að ræða. Klúbburinn Geysir er vettvangur starfsleitar fyrir félaga sína og vegur þar þyngst ráðning til reynslu í hlutastörf. Klúbburinn hefur yfir að ráða fimm slíkum störfum (Guðmundur Hilmarsson, o.fl., 2005; Vinnumálastofnun, 2007).

Iðjuþjálfar í starfsendurhæfingu

Iðjuþjálfari tók þátt í undirbúningi að stofnun BYR og tekur þátt í þeirri þverfaglegu teymisvinnu sem þar fer fram ásamt því að koma að hópeflinu. Starf iðjuþjálfara felur einnig í sér að meta ýmsa þætti er varða starfshlutverk þátttakenda með til þess gerðum matstækjum þar sem niðurstöður matsins koma að gagni við íhlutunaráætlun og starfsleit (Elsa S. Þorvaldsdóttir, 2006).

Hugmyndafræði iðjuþjálfunar fellur vel að starfsendurhæfingu og menntun iðjuþjálfara nýtist afar vel á því sviði. Samspil einstaklings, umhverfis og iðju er þeim hugleikið í starfi sínu og íhlutun skipulögð með það í huga að ná sem bestri samsvörun milli þessara þriggja þátta (Watson og Wilson, 2003). Einstaklingurinn þarf að ráða við þær kröfur sem gerðar eru til hans og svo hann eflist og því er mikilvægt að kröfurnar sem verkið gerir falli að getu hans. Ef kröfur starfs eru of miklar getur það valdið streitu hjá einstaklingnum sem síðan getur leitt til niðurbrots, kvíða og þunglyndis. Ef aftur á móti kröfurnar eru of litlar þá getur það valdið leiða og áhugaleysi. Best er að finna jafnvægi þarna á milli, skapa samsvörun milli einstaklings og iðju hans og sjá til þess að umhverfið sé styðjandi. Iðjuþjálfar eru sérfræðingar í að meta þessa þætti, getu einstaklings, kröfur sem iðja gerir til hans og umhverfisþátta og áhrif þeirra. Þeir hafa einnig yfir að ráða ýmsum réttmætum og áreiðanlegum matstækjum á þessu sviði (Kielhofner, Braveman, Baron, Fisher, Hammel og Littleton, 1999).

Iðjuþjálfar komu á fót Janus endurhæfingu í samvinnu við lífeyrissjóði og þar starfa nú fjórir iðjuþjálfar ásamt fleira fagfólki (Kristín Siggeirsdóttir, o.fl., 2004). Iðjuþjálfar komu einnig að stofnun Hugarafls og að AE starfsendurhæfingu, þar starfa tveir iðjuþjálfar á hvorum stað (Heilsugæslan, e.d.; Sæunn Stefánsdóttir, 2007). Þá komu tveir iðjuþjálfar að stofnun Klúbbsins Geysis (Klúbburinn Geysir, e.d.).

Rannsóknir hafa sýnt að kunnátta iðjuþjálfra nýtist vel í starfsendurhæfingu þar sem þeir vinna skjólstæðingsmiðað og leggja áherslu á að efla einstaklinga þannig að sjálfstraust þeirra aukist og að þeir nái stjórn á sínu eigin lífi. Öflugur einstaklingsmiðaður stuðningur er mikilvægur í starfsendurhæfingu og iðjuþjálfar eru færir um að veita hann. Þeir fara oft á vinnustaði skjólstæðinga og fylgjast með þeim að störfum til að meta vinnugetu þeirra og umhverfi (Isaksson Mettävainio og Ahlgren, 2004).

Áhrifaþættir

Samspil margra þátta stuðlar að því að fólk nær að snúa aftur til vinnu eða náms í kjölfar veikinda eða slysa (Lange, Burgmer, Braunheim og Heuft, 2006). Má þar nefna persónulega þætti einstaklinga, stuðning og hvatningu frá fólki í umhverfinu og frá fagfólki í starfsendurhæfingu, ásamt þeim tíma sem liðinn er án atvinnu og aldri viðkomandi (Heijbel, Josephson, Jensen, Stark og Vingård, 2006; Kennedy-Jones o.fl., 2005).

Persónulegir þættir

Trú á sjálfan sig og áhugi ásamt jákvæðum væntingum er talið vega þyngra en fyrri vinnureynsla hvað varðar möguleika á að snúa aftur til vinnu (Hansen, o.fl., 2006; Secker, Grove og Seeböhm, 2006). Í yfirlitsgrein Bravemans (1999) þar sem hann skoðaði 44 greinar frá síðustu 25 árum um líkur á að fólk snúi aftur til vinnu kom meðal annars fram að jákvæð upplifun einstaklinga af eigin heilsufari og trú þeirra á að þeir kæmust aftur til vinnu voru vísbendingar um að viðkomandi næði góðum árangri í starfsendurhæfingu. Einnig kom fram að trú skjólstæðinga á góðum árangri í endurhæfingu tengdist áhugahvötinni eða viljanum til vinnu og hefði þar af leiðandi áhrif á hvort þeir byrjuðu aftur að vinna þrátt fyrir örorku eða hvort þeir

settust í helgan stein á miðjum aldri. Menntunarstig getur haft forspárgildi varðandi líkur á að snúa aftur til vinnu. Menntun eflir trú á eigin áhrifamátt þar eð hún hefur áhrif á vitneskju fólks um eigin hæfni og áhrif. Þá eykur hún sjálfstraust og fólk getur valið úr fleiri störfum og tekið mið af líkamlegri getu (Braveman, 1999).

Rannsóknir hafa einnig sýnt tengsl á milli viðhorfa fólks til vinnu og samvinnu við fagfólk í endurhæfingarferli þannig að meiri líkur eru á góðri samvinnu hafi vinnan veitt fólki ánægju (Beutel, Zwerenz, Bleichner, Vorndran, Gustson og Knickenberg, 2005). Viðhorf fólks til vinnu og gildi vinnu mótast í uppeldinu og getur haft áhrif á hvort fólk snúi aftur til vinnu eða ekki (Elín Valgerður Margrétardóttir, 2006; Kalil, 2005).

Eflandi þættir

Niðurstöður eigindlegrar rannsóknar á þróun starfshlutverka hjá fjórum einstaklingum með geðsjúkdóma sýndu fram á mikilvægi stuðnings frá aðilum eins og fjölskyldu, vinum og starfsfólki klúbbhúsa sem þeir voru meðlimir í (Kennedy-Jones, o.fl., 2005). Þessir aðilar höfðu trú á þeim, hvöttu þá til dáða ásamt því að veita þeim stuðning og von á leið þeirra í átt að þátttöku í starfshlutverki. Þannig átti stuðningurinn þátt í því að þeim tókst öllum að komast í vinnu eftir mislanga fjarveru frá vinnumarkaði. Þetta styðja fleiri rannsóknir (Janson og Björklund, 2007; Heijbel, o.fl., 2006).

Valdefling fer fram á jafnréttisplani og er afar skjólstæðingsmiðuð. Hún hefur verið ofarlega á baugi á undanförnum árum og þá mest í tengslum við bataferli geðsjúkra. Margar skilgreiningar eru til og eru þær ekki samhljóma. Hún hefur m.a. verið skilgreind sem ákveðin aðferð eða úrræði sem nota má við allar mögulegar félagslegar aðstæður þar sem þörf er fyrir eflingu af ýmsu tagi, ýmist hjá hópum eða

einstaklingum (Svenson, Müssener og Alexanderson, 2006). Heilsutengd valdefling er aftur á móti skilgreind sem ferli þar sem fólk nær meiri stjórn á ákvörðunum sínum og athöfnum sem hafa áhrif á heilsuna (Arneson og Ekberg, 2006). Það ferli er þess vegna mikilvægt í allri heilsuefningu sem og forvörnum gegn veikindum og í starfsendurhæfingu. Hún styrkir undirstöðufærni og hefur áhrif á undirliggjandi félagslega líðan. Raunveruleg valdefling krefst þess að sá sem á að eflast verði sjálfur að taka ákvarðanir og taka virkan þátt í athöfnum sem móta líf hans, hann er sjálfur við stjórn (Arneson og Ekberg, 2006).

Kosciulek (2004) sagði í grein sinni um valdeflandi nálgun í starfsendurhæfingu fatlaðra að hún fæli í sér að skjólstæðingur og ráðgjafi gerðu með sér samkomulag um samstarf. Samstarfið fæli í sér að báðir aðilar leggðu sitt af mörkum í samvinnunni og að virkni skjólstæðings í endurhæfingunni væri mikilvæg, hann tæki upplýstar ákvarðanir og hefði val og vald á eigin aðstæðum. Þar var lögð áhersla á góð tengsl á milli skjólstæðings og ráðgjafa því þá næðist betri árangur í endurhæfingunni (Kosciulek, 2004). Þetta er í samræmi við niðurstöður úr rannsókn Guðrúnar Pálmadóttur (2006) um tengsl skjólstæðinga og meðferðaraðila og upplifun þeirra af iðjuþjálfun. Þar kom m.a. fram að styðjandi og eflandi meðferðarleg tengsl sem byggja á virðingu og trausti á milli iðjuþjálfra og skjólstæðinga skilaði betri upplifun viðkomandi á þjónustunni (Guðrún Pálmadóttir, 2006).

Samantekt

Í íslenskri menningu er mikil hefð fyrir vinnusemi og gildi vinnu því í hávegum höfð. Vinnumissir vegna veikinda, slysa eða atvinnuástands hefur því áhrif á sjálfsmynd, heilsufar og félagslega stöðu fólks. Meiri líkur eru á að fólk snúi aftur til vinnu eftir stutta fjarveru frá vinnumarkaði en lengri og hefur átta vikna viðmið oft

verið nefnt í því sambandi. Það er því afar mikilvægt að hjálpa fólki út á vinnumarkaðinn sem fyrst í kjölfar veikinda eða slysa til að koma í veg fyrir örorku. Öryrkjar snúa mun síður út á vinnumarkaðinn en þeir sem ekki hafa verið metnir til örorku. Starfsendurhæfing er ein gerð íhlutunar sem nýtist þeim einstaklingum sem vilja á markvissan hátt vinna að því að komast aftur út á vinnumarkaðinn eða í nám. Ýmsir þættir eru taldir hafa áhrif á að fólk snúi aftur til vinnu, bæði persónulegir og úr umhverfinu. Trú fólks á sjálft sig, væntingar um að það muni komast í vinnu, ásamt góðum stuðningi úr umhverfinu og menntun, eru taldir áhrifavaldar. Meirihluti öryrkja og atvinnulausra er einungis með grunnskólamenntun því er nám uppbyggilegur valkostur í starfsendurhæfingu til að auka möguleika fólks á vinnu við sitt hæfi.

KAFLI III

AÐFERÐAFRÆÐI

Í þessum kafla verður greint frá rannsóknaraðferð, rannsóknarspurningum og helstu framkvæmdum rannsóknarinnar. Fjallað verður um val á þátttakendum, gagnaöflun, gagnagreiningu og siðferðileg atriði sem tengjast rannsókninni.

Rannsóknaraðferð

Í þessari rannsókn er notuð eigindleg rannsóknaraðferð, en sú nálgun gefur þátttakendum tækifæri til að tjá eigin upplifun og reynslu og veitir þannig innsýn í aðstæður einstaklingsins (Bailey, 1997). Þá gefur eigindleg aðferð rannsakendum og viðmælendum kost á því auglitis til auglitis að fá staðfestingu á að umfjöllunarefnið sé rétt skilið (Bailey, 1997; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Helstu kostir eigindlegra rannsókna er að hægt er að fá ítarlegar upplýsingar og dýpri skilning á viðfangsefnum. Hins vegar er ekki hægt að alhæfa eða yfirfæra niðurstöður eigindlegra rannsókna á aðra hópa. Þá getur verið auðvelt að missa sjónar á tilganginum sökum umfangs gagna sem aflað er. Gerðar eru kröfur um að rannsakandinn sé hlutlaus. Einnig má nefna að eigindleg rannsóknaraðferð lætur í té verkfæri til að skoða efni sem lítið er vitað um vandlega niður í kjölinn (Bailey, 1997).

Megintilgangur rannsóknarinnar var að fá fram upplifun fólks á hvað hjálpaði því aftur í vinnu eða áframhaldandi nám eftir að það hefði orðið fyrir slysi eða áföllum sem hefðu skert fyrrum getu þess. Lagt var upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar: Hvað er það sem hjálpar fólki aftur í vinnu eða nám að lokinni starfsendurhæfingu? Með hvaða hætti nýtist hjálpin?

Framkvæmd

Til að svara spurningunum voru tekin opin viðtöl við sex einstaklinga sem allir höfðu lokið starfsendurhæfingu hjá BYR á Húsavík og snúið aftur til vinnu eða haldið áfram námi að henni lokinni. Þessi rannsókn er viðbót við rannsókn sem stendur enn yfir um sama efni hjá fólki sem hefur verið í endurhæfingu á þremur öðrum atvinnulegum endurhæfingarstöðum á Suðurlandi (Kristjana Fenger, 2006). Því var sótt um viðbótarleyfi fyrir þennan rannsóknarhluta til Vísindasiðanefndar og leyfi fékkst eftir að komið hafði verið til móts við athugasemdir og er afgreiðslunúmer umsóknar 04-119-V1-S1 (fylgiskjal A). Tilkynning var send Persónuvernd (fylgiskjal B).

Haft var samband við verkefnisstjóra hjá starfsendurhæfingunni BYR en hann hafði áður tekið vel í samvinnu vegna verkefnisins sem fólst í því að hann tók að sér að útvega þátttakendur. Skilyrði fyrir þátttöku í rannsókninni voru að viðmælendur hefðu lokið starfsendurhæfingu hjá BYR og farið í starf eða nám í kjölfarið. Verkefnisstjórinn hafði samband við þátttakendur sem uppfylltu skilyrði rannsóknar, útskýrði fyrir þeim út á hvað rannsóknin gengi og bauð þeim að taka þátt. Allir þátttakendur fóru fram á að rannsakendur hefðu samband við þá frekar en að þeir þyrftu að hafa samband við rannsakendur. Nöfn þeirra sem féllust á að taka þátt í rannsókninni voru send til umsjónarmanns rannsóknarinnar sem aftur sendi þau til rannsakenda sem hringdu svo í þátttakendur og buðust til að senda þeim kynningarbréf í pósti áður en að rannsókn kæmi. Allir vildu fá það afhent í viðtalinu um leið og þeir skrifuðu undir upplýst samþykki. Í símtalinu var ákveðið hvar og hvenær viðtöl færu fram.

Þátttakendur í rannsókninni voru þrjár konur og þrír karlar á aldrinum 23 til 54 ára, meðalaldur var 40 ár. Meðalaldur karlanna var rúm 47 ár, eða 15 árum hærri

en kvennanna, sem var rúm 32 ár. Menntun fyrir starfsendurhæfingu var frá 10 árum (grunnskólamenntun) til 14 ára (iðnskólapróf). Fjórir af þátttakendum voru í sambúð eða giftar/kvæntir og tveir fráskildir. Undirliggjandi vandi var upphaflega líkamlegur hjá fimm þátttakendum og andlegur hjá einum, en allir þátttakendur höfðu þó glímt við andlega erfiðleika í kjölfar sjúkdómsins, en hann kom skyndilega í tilfelli tveggja viðmælenda.

Gagnaöflun fór fram á tímabilinu 15. desember 2006 til 26. mars 2007. Þrjú af viðtölunum fóru fram á heimilum þátttakenda en þrír völdu aðra staði fyrir viðtölin. Eitt var tekið í fræðimannarými í Háskólanum á Akureyri, annað í viðtalsherbergi fjölskylduráðgjafa í miðbæ Akureyrar og þriðja í Setrinu á Húsavík. Stuðst var við viðtalsramma sem leiðbeinandi hafði útbúið (fylgiskjal C) og notað í eigin rannsókn sem stendur enn eins og fram hefur komið. Áður en viðtölin voru tekin var lagt fram kynningarbréf (fylgiskjal D) ásamt samþykkisbréfi sem var undirritað af báðum aðilum (fylgiskjal E). Í upphafi viðtals, sem var í samtalsstíl, voru viðmælendur beðnir um að segja frá sjálfum sér og aðdraganda vinnumissis eða veikinda. Því næst fengu samtölin að þróast á misjafnan hátt eftir viðmælendum en þeir voru hvattir til að lýsa upplifun sinni og reynslu af þeirri hjálp sem þeir fengu til að komast aftur til vinnu eða í nám og hvernig hún hjálpaði þeim. Hvor rannsakandi tók þrjú viðtöl og voru þau mislöng eða frá 48 mínútum og upp í 113 mínútur. Þau voru hljóðrituð og afrituð orðrétt en að því loknu var hljóðritunum eytt. Við afritun var viðmælendum gefin dulnefni og ýmsum athugasemdum rannsakenda bætt inn í gögnin. Ýmis minnisblöð og greiningarblöð voru unnin upp úr viðtölunum í gagnagreiningarferlinu.

Gagnagreiningin fór þannig fram að gögnin voru lesin ítarlega yfir og gerð opin kóðun. Rannsakendur kóðuðu hvor um sig í byrjun tvö viðtöl á þennan hátt, eitt frá hvorum spyrli og flokkuðu kóðin sín, einnig hvor í sínu lagi. Að því loknu lásu


Þeir saman yfir öll flokkuðu kóðin og samræmdu með því að koma sér saman um flokka/hugtök og vinnubrögð í framhaldinu. Síðan kóðuðu þeir hvor fyrir sig þau viðtöl sem eftir var að kóða. Þannig kóðaði hvor rannsakandi öll sex viðtölin.

Rannsakendur leituðu síðan að þemum í gögnunum, þemum sem voru sem rauður þráður í gegnum viðtölin. Að lokum voru öll gögnin lesin yfir með þemun í huga. Til að skýra hvert þema var skoðað við hvernig aðstæður það kom fram hjá einstaklingunum, í hvaða athöfnum eða samskiptum og hvaða afleiðingar það hefði.

KAFLI IV

NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Í þessum kafla verður greint frá helstu niðurstöðum gagnagreiningar. Leitast verður við að svara rannsóknarspurningunum með því að endurspegla álit fyrrum þátttakanda í starfsendurhæfingu BYR á hvað hjálpaði þeim aftur til vinnu eða náms í kjölfar langvarandi veikinda eða slysa og hvernig það hjálpaði þeim. Til að svara spurningunum eru dregin fram fjögur meginþemu. Þemunum er lýst myndrænt í greiningarlíkaninu hér að neðan (mynd 1). Miðjuhringurinn táknar „Trú þátttakenda á mátt sinn og megin“. Þrír ytri hringirnir standa fyrir „stuðning“, „öryggi“ og „nám“ en trúin hefur áhrif á þá og þeir á trúna. Í umfjöllun um hvert þema verður fræðilegu efni fléttað inn í umræður um niðurstöður.



Mynd 1. Greiningarlíkan.

Trú á mátt sinn og megin

Í viðtölunum kom berlega fram að forsenda þess að komast í vinnu eða nám var að trúa á að viðkomandi gæti það. Þetta þema var kjarninn sem allt snerist um, en í byrjun starfsendurhæfingar var trú allra viðmælendanna á eigin getu lítil. Þeir höfðu ekki reynt á krafta sína í aðdraganda endurhæfingarinnar, en samkvæmt Kielhofner (2002) er virk þátttaka sem leiðir af sér ásættanlegan árangur forsenda þess að fólk trúir á sjálft sig.

Misjafnt var hvað hver og einn þurfti langan tíma til að vekja þessa trú, en smám saman voru allir farnir að trúa á eigin hæfni að einhverju marki, finna árangur gjörða sinna, þ.e.a.s. trúa því að þeir væru færir um að stunda nám eða snúa aftur út á vinnumarkaðinn. Trú á mátt sinn og megin hafði ýmsar birtingarmyndir.

Trú á eigin getu

Flestir þátttakendurnir höfðu orð á því að kjarkurinn hefði bilað og vonartýran dofnað tímabundið, þeir hefðu lagst í aðgerðarleysi og jafnvel uppgjöf í kjölfar veikindanna eða slyssins. Í íslenskum og erlendum heimildum kemur fram að ekki þurfi nema nokkrar vikur í athafnaleyzi til að það dragi úr áhugahvöt einstaklingsins í að leita sér að vinnu (Ólafur Ólafsson, 2004; Svensson, o.fl., 2006).

Þátttakan í BYR veitti þann kjark sem þurfti til að stíga fram eftir að hafa verið heima án atvinnu í tvo mánuði eða lengur. Í tillögum nefndar Forsætisráðuneytisins (2007) kemur fram þörf fyrir eflingu starfsendurhæfingar, ásamt breytingum á örorkumati og skerðingu bóta vegna vinnu. Samkvæmt þeim gætu öryrkjar sem hafa vilja og getu til að vinna 40 % starf átt kost á því án skerðingar bóta, því þrátt fyrir fullt örorkumat eru mörg störf sem öryrkjar gætu unnið

ef tækifæri gæfist til að mennta sig frekar og aðstoð væri fyrir hendi við að aðlagast breyttu lífi sem fylgir skertri starfsgetu.

Allir viðmælendur okkar sögðust hafa öðlast aukna trú á eigin getu og aukið þor til að takast á við daglegt líf. Kom fram að gagnsemi starfsendurhæfingarinnar í þá átt væri margvísleg að mati viðmælenda. Ein birtingarmyndin fólst í því að gera sér grein fyrir hvar skórinn kreppti og hvaða úrræði stæðu til boða. Önnur í því, að með því að prófa sig áfram í námi og samskiptum þá komust þátttakendur að því hvað í þeim bjó, en eins og einn þátttakandi hafði á orði: „Ég var viss um að ég gæti ekki lært en uppgötvaði með því að prófa að ég gat það“. Þetta samræmist niðurstöðum rannsókna í yfirlitsgrein Bravemans (1999) en þar er talað um að trú á eigin getu til að vera virkur og hafa áhrif á eigið líf skipti sköpum fyrir virkni fólks og þátttöku í samfélaginu:

... maður reyndi að leggja á sig við að læra heima og svona. (Sígfús)

Sjá árangur gjörða sinna

Sú hjálp sem fólkið fékk í BYR og jafnframt tækifæri til að takast á við viðfangsefni við hæfi byggði smám saman upp hjá því trúna á sjálft sig og færði því heim sönnur um að viðleitni þess bar árangur. Þannig ýtti hjálpin einnig undir vilja þeirra til að verða virkir í starfsendurhæfingunni. Föst rúttína, að vakna á morgnana, fara í skólann og takast á við viðfangsefni við hæfi, töldu þátttakendur að hefði verið fyrsta skrefið í að rjúfa einangrunina sem hefði orðið hluti af þeirra lífi í kjölfar veikinda eða slyss og verða virkur aftur. Eða eins og einn orðaði það: „Ég missti tengsl við sirkusinn þarna úti“.

Viljinn sem vaknaði af dvala í endurhæfingarferlinu, ásamt þeim verkfærum sem þátttakendur lærðu að nýta sér, s.s. jákvæða endurgjöf, markmiðssetningu og stjórnun fjármála, gegndi stóru hlutverki í þeim góða árangri sem þeir náðu. Þeir urðu meðvitaðir um styrkleika sína og lærðu að nýta sér þá, einnig sáu þeir aðra sem voru verr staddir og jafnvel ekki allir tilbúnir að leggja á sig þá vinnu sem þurfti til að eflast. Það opnaði augu sumra fyrir því hvað þeir vildu forðast og hvert þeir vildu stefna í sínu lífi:

Þannig að síðan ég byrjaði í þessu myndi ég segja að ég afrekaði að gera hluti sem mig er búið að dreyma um í mörg ár en aldrei þorað að gera neitt. Þannig að ég segi alltaf að þetta bjargaði mér. (Sæunn)

Fólkið kom inn með mismiklar væntingar og mátti merkja meiri áhuga meðal kvennanna en karlanna á að nýta sér námið. Fram komu ólík viðhorf kynjanna til námsins sem sýndi sig í því að karlarnir voru ekki með áform um að halda áfram í námi eftir endurhæfingu, en konurnar höfðu þau aftur á móti:

... ég hef enga trú á því að ég eigi eftir að setjast á skólabekk og fara að læra eitthvað, ég hef ekki trú á því. (Jón)

Meirihluti þátttakenda hafði sterkt vinnusjálfi fyrir veikindi sín og höfðu karlarnir lengri vinnusögu en konurnar, enda með hærri meðalaldur. Gildi vinnunnar var þó ótvírætt mikið hjá báðum kynjum. Hluti þátttakenda sagðist hafa lært það í umhverfi sínu í barnæsku að maður ætti alltaf að „standa sína plikt” í vinnunni. Þetta samræmist kenningunni um iðju mannsins (Kielhofner, 2002) þar sem fram kemur að viðhorf fólks og það sem það tekur sér fyrir hendur stýrist af gildismati þess, áhuga og trú á eigin áhrifamátt sem samkvæmt kenningunni eru fyrirbæri viljans. Þar kemur einnig fram að samfélagið sem viðkomandi lifir og hrærist í sé einn mesti

áhrifavaldur þar um. Í grein Kristínar Siggeirsdóttur og félaga (2004) um nýja nálgun í starfsendurhæfingu á Íslandi er talað um að umhverfið geti haft hvetjandi eða hindrandi áhrif á einstaklinginn, færni hans við iðju ásamt heilsu og lífsgæði.

Stuðningur

Allir viðmælendur töluðu um að stuðningur væri grundvallaratriði þess að trúa á sjálfan sig. Stuðningur var ekki eingöngu frá fagaðilum heldur einnig frá fjölskyldu og vinum og ekki síst frá „samnemendum” í BYR. Þetta er í samræmi við rannsókn Kennedy-Jones og félaga (2005) um þróun starfshlutverka en þar kemur fram mikilvægi stuðnings ýmissa aðila sem hjálpa einstaklingum aftur til vinnu. Þessir aðilar efla von einstaklinganna og höfðu trú á getu þeirra til vinnu og veittu þeim stöðuga hvatningu.

Hópefli

Hjá viðmælendum kom meira fram um áhrif hópeflisins en um það sem þar fór fram. Við það að uppgötva að annað fólk væri í svipuðum sporum og þeir sjálfir, og þrátt fyrir mikinn aldursmun, myndaðist samkennd og trúnaðartraust innan hópsins. Viðmælendur okkar upplifðu öryggistilfinningu og gátu tjáð sig um viðkvæm mál:

... heldur bara, mynduðust bara bönd, einhver. Sem að, ok þarna er einhver manneskja sem þú getur talað við án þess að, án þess að það fari neitt, sko, annað. (Grímur)

Allir þátttakendur kváðust hafa eignast vini innan hópsins en sumir áttu kunningja þar frá byrjun. Þá kom fram að tveir þátttakenda hafi fylgst að í

námsgreinum í framhaldsskólanum og orðið góðir vinir þar, þrátt fyrir ný ára aldursmun, og veitt hvor öðrum mikinn stuðning innan um unga fólkið í skólanum. Það sem studdi nemendur mest að mati viðmælenda okkar var stuðningurinn í hópnum sjálfum, bæði frá fagfólki og öðrum „nemendum” í endurhæfingunni. Slíkt hafi í einhverjum tilfellum forðað einstaklingum frá því að gefast alveg upp:

... maður mætir og mann hlakkar til af því að maður veit að maður fær „hæ hvernig hefurðu það” og þú veist allt þetta hér. (Sandra)

Fram kom að tengslin sem mynduðust í hópeflinu hefðu haldið þrátt fyrir að fólk flytti burt. Þá hafi hópeflið enn fremur dregið úr fordómum. Einstaka þátttakandi hafði fordóma fyrir öðrum í hópnum í byrjun, en eftir að hafa kynnst umræddum manneskjum og aðstæðum þeirra hurfu fordómarnir fljótlega. Benda má á í þessu sambandi að um lítið bæjarfélag er að ræða þar sem allir þekkja til allra. Hluti þátttakenda talaði um að makar þeirra hefðu orðið duglegri við að hvetja þá áfram og styðja þannig við bakið á þeim þegar þeir sáu áhrif endurhæfingarinnar í raun.

Fagfólk

Þátttakendur voru allir með jákvætt viðhorf gagnvart starfsendurhæfingunni og fagfólkinu sem að henni stóðu. Þeir lögðu mikla áherslu á hversu auðvelt aðgengið var að fagfólkinu, alltaf hafi verið hægt að leita ráða, ýmist með tölvupósti, í síma eða með viðtölum. Allir nýttu sér sálfræðipjónustuna að einhverju marki en tveir þátttakendur töldu hana hafa hjálpað sér sérstaklega mikið. Jafnframt kom fram að hóptímarnir hjá ráðgjafanum virkuðu betur fyrir hina en sálfræðiviðtölin. Í fræðilegri samantekt í grein Guðrúnar Pálmadóttur (2006) um meðferðartengsl skjólstaðinga og fagfólks, var fjallað um nokkrar rannsóknir sem sýndu fram á að gott samband milli

fagfólks og skjólstæðinga þess tengdist jákvæðum árangri endurhæfingar. Í sömu grein kom einnig fram að mannlegir þættir eins og samkennd, umhyggja, samúð og virk hlustun bættu árangur í endurhæfingu. Það sama var uppi á teningnum hjá skjólstæðingum starfsendurhæfingarinnar, viðhorf starfsfólksins þar endurspegladi fordómaleysi og virðingu og hafði þannig uppbyggileg áhrif:

... og þá fyrst fattaði ég hvað það er gott að láta aðra hlusta á sig og ekki að vera að dæma fyrir það sem þú ert að segja. Að þú veist, fólk sé að virða þínar skoðanir ... (Ása)

Allir viðmælendur okkar tóku þátt í sjúkraþjálfuninni og töluðu um nauðsyn þess að fá hvatningu og aðhald er varðar hreyfingu og hefðu sumir óskað eftir fleiri tímum í líkamspjálfun því hún hefði gert þeim gott bæði andlega og líkamlega:

... ég fann það að það hafði alveg gífurleg áhrif á t.d. verki og líðan, líkamlega líðan, þreytu, ég fór að sofa betur á nóttinni og ... bara smáhreyfing á hverjum degi hafði svo mikil áhrif á verkina þannig ... (Sandra)

En þrátt fyrir að gera sér grein fyrir lækningamætti hreyfingar réðu ekki allir við að fara út að ganga að eigin frumkvæði. Þótt líkamlegt atgervi væri lélegt hjá hluta hópsins, þá var það andlega enn verra og drifkrafturinn til hreyfingar því ekki til staðar. Þetta samræmist því sem kemur fram í grein Arneson og Ekberg (2006) um að ekki sé nóg að vera með í ákvarðanatöku um eigið líf í orði ef einstaklingurinn framkvæmi ekki ákvörðunina á borði:

... þannig að sko, leikfimin stóð mjög upp úr, það var gott að fara undir leiðsögn sjúkraþjálfara í æfingar þarna. Og það gerði manni mjög gott svona smáleikfimi fyrir menn eins og mig. Það er bara eins og, sko, þú ert bara eins og nýr maður á eftir. Það er svo mikil áhrif sem það hefur. Þetta var svona, þú finnur alveg uppbygginguna. (Grímur)

Fjölskyldan

Flestallir áttu fjölskyldu á Húsavík, svo sem foreldra, systkini og/eða aðra ættingja, en allir áttu vini og kunningja í bæjarfélaginu. Misjafnt var hversu mikinn stuðning viðmælendur fengu frá þessum aðilum en sumir töluðu um að best væri að blanda ekki fjölskyldunni of mikið í sín mál því það ylli henni aðeins áhyggjum. Hluti þátttakenda nefndi að þeir héldu börnum sínum fyrir utan áhyggjur og amstur dagsins en einn talaði um stuðning unglingsins á heimilinu en þeir tveir héldu saman heimili. Þetta er í samræmi við þá kenningu að þegar eitthvað bjátar á í lífi fólks er stuðningur fjölskyldunnar mjög mikilvægur til að gefast ekki upp (Kielhofner, 2002):

... Þegar ég fór í mesta ruglið, þá, þá hjálpaði konan mín fyrrverandi mér mest.
(Sigfús)

Nám

Flestir þátttakendurnir fóru í einingabært nám á framhaldsskólastigi sem var sniðið að þörfum hvers og eins. Þar fyrir utan var fræðsla um ýmislegt, sem viðkom daglegu lífi, og fór yfirleitt fram í hópum.

Einstaklingsmiðað nám

Allir þátttakendur fóru í nám í endurhæfingunni en þar sem þeir voru með mismikla menntun að baki völdu þeir ólíkar leiðir. Tveir voru í grunnnáminu með endurhæfingarhópnum, tveir voru í almenna náminu með öðrum nemendum framhaldsskólans og tveir fóru í ferðapjónustunám sem var kennt við Símenntunarstöð Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga. En samkvæmt Tryggva Þór

Herbertssyni (2005) um fjölgun öryrkja á Íslandi kemur fram að ein leið til að sporna við henni sé að leggja aukna áherslu á menntun í starfsendurhæfingu til að laga einstaklinginn að breyttum aðstæðum. Þátttakendur fylgdu sínum hópi í öðrum þáttum endurhæfingarinnar eins og hópefli, hópviðtölum og hreyfingu. Helmingur þátttakenda, konurnar í hópnum, upplifðu námið svo hvetjandi að þær héldu því áfram og stefna á háskólanám:

Ég ætla að halda áfram sko í skólanum og er núna enn þá í skólanum. Í rauninni var ég búin seinasta vor í prógramminu sko, en ég held áfram bara í skóla af sjálfsdáðum sko, en held áfram að fara í skráningar í líkamsræktinni og sálfræðiviðtöl. (Sæunn)

Fræðsla

Fræðsla sem þátttakendur fengu fyrir utan námið í framhaldsskólanum reyndist viðmælendunum vel og nefndu þeir að það sem þeir lærðu í mannlegum samskiptum nýttist þeim jafnt í leik og starfi. Allir töluðu um fjármálanámskeiðið „Leiðina til velgengi“ og kom fram hvað mikil lífsspeki fælist í því að hafa reglu á fjármálum sínum, slíkt auki líkur á að fólki haldi einnig reglu í sínu daglega lífi. Miklu máli skiptir að hafa yfirsýn og stjórn á fjármálum sínum því það hefur áhrif bæði á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu fólks (Geirlaug G. Björnsdóttir, 2005a).

Öryggi

Grunnþörfum fólks, samkvæmt þarfapýramída Maslows, þarf að vera fullnægt til að einstaklingar geti öðlast sjálfsvirðingu. Fast á hæla frumþarfa mannsins, sem eru að hafa í sig og á, fylgir þörf fyrir öryggi bæði fjárhagslegt og félagslegt (Rice, 2001).

Fjárhagslegt öryggi

Enginn kvartaði undan fjárhagsstöðu sinni meðan á starfsendurhæfingunni stóð en fram kom að forsenda þess að þátttakendur gátu stundað hana voru öruggar greiðslur frá TR ýmist í formi endurhæfingar- eða örorkulífeyris og auk þess fékk einstaka þátttakandi einnig barnalífeyri. Þá nefndi helmingur hópsins sérstaklega hve erfiður biðtíminn væri frá því að sótt væri um endurhæfingarlífeyri og þar til greiðslur bærust, en hann var allt að tveir til þrír mánuðir, og þurftu þeir að brúa þann tíma með einhverjum hætti. Framlenging sem fékkst á endurhæfingarlífeyri var hvati fyrir suma til áframhaldandi náms. Þrátt fyrir að það að vera á lífeyri skapi öryggi þá upplifðu þátttakendurnir jafnframt fordóma, t.d. kaus einn þeirra að kalla hann skólastyrk. Sumir sögðust sjálfir hafa verið með svipaða fordóma áður en þeir þáðu lífeyri frá TR. Þetta samræmist rannsókn Jansson og Björklund (2007) en þar er talað um fordóma gagnvart fólki sem hefur verið óvinnufært og kemur aftur á vinnumarkaðinn.

Tekjutenging bóta bar á góma hjá viðmælendum og skilningsleysi á ólíkum þörfum fólks, en fram kom að örorkubætur skerðast um leið og farið er að vinna. Talað var um vítahring því um leið og einstaklingur fékk hlutastarf hafði það áhrif til skerðingar bóta sem leiddi til þess að hann þurfti að auka við sig vinnu. Þannig upphófst vítahringur sem erfitt er að rjúfa. Á þennan vanda hefur verið bent í úttekkt Tryggva Þórs Herbertssonar (2005) fyrir Félagsmálaráðuneytið á stöðu öryrkja, en

hann talar einmitt um þörf á úrbótum þannig að öryrkjum verði leyft að vinna hlutastörf án þess að bætur skerðist.

Félagslegt öryggi

Félagslegt öryggi sem einstaklingarnir í hópnum veittu hver öðrum kom glögglega í ljós, til dæmis í frímínútum í grunnnáminu, en þá sóttu þeir öryggi og stuðning hver í annars félagsskap. Allir þátttakendur höfðu tryggt húsnaði, ýmist voru þeir í eigin íbúð eða í leiguhúsnaði hjá bæjarfélaginu en Maslow talaði um að öruggt húsnaði væri ein af grunnþörfum mannsins og ef það væri ekki fyrir hendi ætti fólk erfitt með að einbeita sér að markmiðum í lífi sínu (Rice, 2001). Fjölskylda og vinir veittu einnig öryggi og stuðning og nefndu konurnar sérstaklega börnin sín í því sambandi. Hvað það hafi verið gott að eiga þau að þótt þær héldu þeim fyrir utan áhyggjurnar.

Auðvelt aðgengi að fagfólki veitti einnig mikið öryggi og góð samvinna stofnana á svæðinu stuðlaði að því að allar konurnar komust mjög fljótt í endurhæfinguna en hluti karlanna höfðu orðið öryrkjar áður en BYR tók til starfa. Þeir höfðu einnig sótt annars konar endurhæfingu á Reykjalund, einhverjum árum áður. Ein kvennanna var í vinnu alveg þangað til hún hóf þátttöku í BYR, en það er talið lykilatriði að sem skemmstur tími líði frá því að fólk veikist eða slasist og hverfi frá vinnu þar til það hefji vinnu á nýjan leik. Þetta er í samræmi við ábendingar Gunnars Kr. Guðmundssonar (2007) á ráðstefnunni „Ný tækifæri til atvinnuþátttöku” sem haldin var í mars 2007 en þar benti hann á að í Bandaríkjunum fari 50% þeirra sem ekki eru komnir í vinnu eftir átta vikna fjarveru frá vinnumarkaðnum ekki í vinnu aftur.

Til marks um gæði starfsendurhæfingarinnar hjá BYR, höfðu 83% þátttakenda sem rannsakendur töluðu við, verið frá vinnu í meira en 8 vikur áður en endurhæfingin hófst. Þegar viðtölin fóru fram voru 60% komnir í vinnu en 40% voru í námi. Þessar niðurstöður gefa til kynna að starfsendurhæfingin beri árangur, en rannsóknir hafa sýnt að því fyrr sem gripið er inn í ferlið, því minni líkur eru á að fólk verði öryrkjar (Geirlaug G. Björnsdóttir, 2005b).

KAFLI V

NIÐURLAG

Niðurstöður rannsóknarinnar eru um margt svipaðar niðurstöðum erlendra rannsókna um hvað hjálpar fólki, sem hefur verið frá vinnu vegna langvarandi veikinda eða slysa, aftur til vinnu. Það sama má segja um hvernig hjálpin nýttist viðmælendum.

Þátttakendur í rannsókninni telja að án starfsendurhæfingar hjá BYR sé alls óvíst hvort þeir hefðu farið í nám eða vinnu. Þeir hefðu að öllum líkindum ekki orðið vinnufærir á ný. Þau úrræði sem boðið var upp á í endurhæfingunni og fjárhagslegur stuðningur frá opinberum aðilum hafi gert gæfumuninn. Einnig hafi stuðningur fjölskyldu og vina skipt máli. Hjálpin í endurhæfingunni sem fólst í hópefli, námi, fræðslu, hreyfingu, viðtölum og ýmsum öðrum íhlutunaraðferðum hafi gefið þeim tækifæri til að reyna krafta sína og finna hvað þeir gátu. Þannig fóru þeir að trúa á sjálfa sig, á mátt sinn og megin, efldust til muna og tóku smám saman við stjórn á eigin lífi. Það var alltaf einhver sem veitti stuðning þegar á þurfti að halda og kom þannig í veg fyrir að þeir heltust úr lestinni. Svo virðist sem gætt hafi verið að því að ögrun verkefnanna færi aldrei fram úr getu þátttakenda, þannig að þeir upplifðu sig við stjórn í eigin lífi, en þá stjórn virtust þeir fá smátt og smátt í endurhæfingarferlinu.

Námið var sniðið að þörfum hvers og eins sem reyndist vel þar sem námslegur bakgrunnur var misjafn. Sjálfstraustið jókst við að sjá árangur í náminu og þátttakendur gerðu ýmislegt sem þá hafði ekki dreymt um að þeir ættu eftir að gera. Stuðningurinn sem þeir fengu hver frá öðrum og frá fagfólki í starfsendurhæfingunni, ásamt hvatningu og hrósi virkaði eflandi á þá og stappaði í þá stálinu. Við teljum að nám eigi vel heima í starfsendurhæfingu þar sem námslegir sigrar efli fólk til dáða og auki einnig möguleika þess umtalsvert til að fá starf við hæfi.

Það sem kom okkur einna helst á óvart í niðurstöðum rannsóknarinnar var hve stóran hlut stuðningur samnemenda þátttakenda átti í að efla trú þeirra á sjálfa sig og um leið drifkraft þeirra til aðgerða, því jafningjastuðningur virtist gera gæfumuninn. Þá vakti það einnig undrun okkar að lítið var getið um hlut stjórnenda í hópeflinu og þær æfingar sem þar voru notaðar til að kalla fram samheldni í hópnum og þann stuðning sem virtist myndast milli einstaklinganna.

Takmarkanir rannsóknarinnar eru nokkrar. Má þar helst nefna reynsluleysi rannsækenda í viðtalstækni og við greiningu gagna og túlkun á niðurstöðum. Milligöngumaður um val á þátttakendum var verkefnisstjóri hjá BYR sem einnig kom að endurhæfingunni og gæti hann hugsanlega hafa valið sterka einstaklinga til þátttöku. Einnig má vera að þátttakendur hafi talið sig á einhvern hátt skuldbundna BYR til að tala frekar um það sem jákvætt var en neikvætt.

Þrátt fyrir að þátttakendur í þessari rannsókn séu aðeins sex talsins, og því ekki hægt að alhæfa um alla sem hafa verið í starfsendurhæfingu á Íslandi og komist til vinnu eða náms aftur, þá gefur hún vísbendingu um hjálp sem kom að gagni og áhrif hennar á þátttakendur. Slík innsýn gefur tóninn þeim sem vinna að málefnum og einnig stjórnvöldum því til stendur að efla starfsendurhæfingu um allt land á næstunni. Rannsóknin styður mikilvægi úrræða í starfsendurhæfingu fyrir einstaklinga sem eru atvinnulausir, eru að missa vinnu eða eiga á hættu að verða öryrkjar í náninni framtíð. Þá má benda á kosti þess að hafa úrræði í heimabyggð, þar sem annar stuðningur er fyrir hendi, s.s. frá fjölskyldu og vinum. Auðveldara er að grípa fyrr inn í ferli atvinnumissis þar sem samfélagið er lítið og fólk þekkist, ferli sem leiðir til óvirkni og einangrunar.

Iðjuþjálfar eru sérfræðingar í iðju mannsins. Þeir hafa komið að stofnun starfsendurhæfingar bæði á höfuðborgarsvæðinu og Starfsendurhæfingarinnar BYR

og eru starfandi víða við það. Hugmyndafræði stéttarinnar um skjólstæðings- og iðjumiðaða nálgun er því samofin endurhæfingunni og gagnast sannarlega eins og kemur fram í þessari rannsókn. Hér kemur einnig fram mikilvægi þverfaglegrar teymisvinnu, eins og hún er víðast hvar.

Þetta form starfsendurhæfingar með aðkomu heilbrigðis-, mennta- og félagsþjónustu er frekar nýtt á Íslandi en er að ryðja sér til rúms og finnst okkur niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að hún eigi framtíðina fyrir sér. Teljum við að markmiðið sem BYR setur sér, með þeim tilboðum sem þar eru, nýtist viðmælendum okkar til fullnustu.

Ýmsar spurningar og vangaveltur vöknúðu við gerð verkefnisins. Áhugavert væri til dæmis að kanna hvað veldur því að sumir komast ekki til vinnu eða náms og hvers vegna aðrir gefast upp á miðri leið. Einnig væri áhugavert að skoða hvort munur er á árangri starfsendurhæfingar í minni og stærri bæjarfélögum, til dæmis á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni. Tilfinning okkar er sú að minni samfélög nái að halda betur utan um sitt fólk og samstarf stofnana sé skilvirkara þar en í borgarsamfélaginu.

HEIMILDASKRÁ

- Arneson, H., Ekberg, K. (2006). Measuring empowerment in working life: A review. *Work. A journal of prevention, assessment & rehabilitation*, 26, 37- 46.
- Bailey, D. M. (1997). *Research for the health professional* (2. útg.). Philadelphia: F. A. Davis Company.
- Beutel, M. E., Zwerenz, R., Bleichner, F., Vorndran, A., Gustson, D. og Knickenberg, R. J. (2005). Vocational training integrated into inpatient psychosomatic rehabilitation-short and long-term results from a control study. *Disability and Rehabilitation*, 27, 891-900.
- Braveman, B. (1999). The model of human occupation and prediction of return to work: a review of related empirical research. *Work. A journal of prevention, assessment & rehabilitation*, 12, 13 – 23.
- Ekbladh, E., Haglund, L. og Thorell, L-H. (2004). The worker role interview – Preliminary data on the predictive validity of return to work of clients after an insurance medicine investigation. *Journal of Occupational Rehabilitation*, 14, 131-141.
- Elín Valgerður Margrétardóttir. (2006). *Vinnumarkaðsúræði fyrir atvinnulausa: Eru þau í samræmi við kröfur vinnumarkaðarins?* Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Viðskipta- og hagfræðideild.
- Elsa S. Þorvaldsdóttir. (2006). Starfsendurhæfing á Norðausturlandi. *Iðjupjálfinn*, 28, 42-44.
- Félagsmálaráðuneytið. (2006). *Ræða félagsmálaráðherra*. Sótt 28. október 2006, af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/radherra/RaedurMS/nr/2927>

Forsætisráðuneytið. (2007). *Skýrsla nefndar um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar*. Sótt 6. mars 2007, af

<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/Alitogtillogur.pdf>

Geirlaug G. Björnsdóttir. (2005a). *BYR Starfsendurhæfing, samantekt*. Sótt 22.

september 2006, af http://nepal.vefurinn.is/Nepal_Skrar/Skra_0011609.pdf

Geirlaug G. Björnsdóttir. (2005b). *Starfsendurhæfing Norðurlands, samantekt*.

Óútgefin gögn.

Guðmundur Hilmarsson, Gunnar Kr. Guðmundsson, Hrafn Magnússon, Ragnar

Árnason, Sigurður P. Sigmundsson, Sigurður Thorlacius og Þór G.

Þórarinsson. (2005). *Lokaskýrsla starfshóps um starfsendurhæfingu á Íslandi*.

Reykjavík.

Guðrún Pálmadóttir, Kristjana Fenger, Rósa Hauksdóttir, Sigrún Garðarsdóttir,

Snæfríður Þóra Egilson og Þóra Leósdóttir. (1996). *Íðorð í iðjuþjálfun*.

Iðjuþjálfafélag Íslands. Reykjavík.

Guðrún Pálmadóttir. (2006). Client-Therapist Relationships: Experiences of

Occupational Therapy Clients in Rehabilitation. *British Journal of*

Occupational Therapy, 69, 394 – 401.

Gunnar Kr. Guðmundsson. (2007). *Starfsendurhæfing í nútíð og framtíð-nýjar*

áherslur. Sótt 23. mars, 2007 af

http://obi.is/media/frettir/Gunnar_endurhlaknir_22.03.07.pdf

Hagstofa Íslands. (2007). *Atvinnuþátttaka*. Sótt 1. maí 2007, frá

<http://hagstofa.is/?PageID=967&highlight=atvinna%20skilgreining>

Hansen, A., Edlund, C., og Henningsson, M. (2006). Factors relevant to a return to

work: A multivariate approach. *Work. A journal of prevention, assessment &*

rehabilitation, 26, 179-190.

- Heijbel, B., Josephson, M., Jensen, I., Stark, S. og Vingård, E. (2006). Return to work expectation predicts work in chronic musculoskeletal and behavioral health disorders: Prospective study with clinical implications. [Vefútgáfa]. *Journal of Occupational Rehabilitation*. 16, 169-181.
- Heilsugæslan. (e.d). *Geðheilsa-eftirfylgd/iðjuþjálfun*. Sótt 5. maí 2007 af <http://www.heilsugaeslan.is/?PageID=938>
- Hjálmar G. Sigmarsson. (2006). „*Eru ekki allir Íslendingar alltaf að?*”: mikilvægi vinnu fyrir sjálfsmyndarsköpun Íslendinga. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Honey, A. (2000). Psychiatric vocational rehabilitation: Where are the customers' views? [Vefútgáfa]. *Psychiatric Rehabilitation Journal*, 23, 270-279.
- Isaksson Mettävainio, B., og Ahlgren, C. (2004). Facilitating factors for work return in unemployed with disabilities: A qualitative study. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 11, 17-25.
- Jansson, I. og Björklund, A. (2007). The experience of returning to work. *Work. A journal of prevention, assessment & rehabilitation*, 28, 121-133.
- Kalil, A. (2005). Unemployment and job displacement: The impact on families and children. *Ivey Business Journal*, Jul/Aug. 1-5. Sótt 12. október 2006, frá gagnasafninu ProQuest.
- Kennedy-Jones, M., Cooper, J. og Fossey, E. (2005). Developing a worker role: Stories of four people with mental illness. *Australian Occupational Therapy Journal*, 52, 116-126.
- Klúbburinn Geysir. (e.d.) *Saga*. Sótt 5. maí 2007, af <http://geysir.hlutverk.is/page.asp?Id=892>

- Kielhofner, G., Braveman, B., Baron, K., Fisher, G., Hammel, J. og Littelton, M. (1999). The model of human occupation: understanding the worker who is injured or disabled. *Work. A journal of prevention, assessment & rehabilitation*, 12, 3-11.
- Kielhofner, G. (2002). *Model Of Human Occupation. Theory and application* (3.útg.). London: Lippincott Williams and Wilkins.
- Kosciulek, J. F. (2004). Empowering people with disabilities through vocational rehabilitation counseling. *American Rehabilitation*, 28, 40-47. Sótt 21. október 2006, frá gagnasafninu ProQuest.
- Kristín Siggeirsdóttir, Unnur Alfreðsdóttir, Guðrún Einarsdóttir og Brynjólfur Y. Jónsson. (2004). A new approach in vocational rehabilitation in Iceland: Preliminary report. *Work. A journal of prevention, assessment & rehabilitation*, 22, 3-8.
- Kristjana Fenger. (1998). *Frequency and value of role performance in the Icelandic population*. M.Sc-ritgerð: Háskólinn á Flórída.
- Kristjana Fenger. (2006, júlí). Worker's perspective help that facilitated return to work following an injury or disability. Veggspjald kynnt á alþjóðlegri ráðstefnu iðjupjálfa í Sidney, Ástralíu.
- Kärrholm, J., Ekholm, K., Jakobsson, B., Ekholm, J., Bergroth, A. og Schüldt, K. (2006). Effects on work resumption of a co-operation project in vocational rehabilitation. Systematic, multi-professional, client-centred and solution-oriented co-operation. *Disability and Rehabilitation: An international, multidisciplinary journal*, 28, 457-467.

- Lange, C., Burgmer, M., Braunheim, M og Heuft, G. (2006). Prospective analysis of factors associated with work reentry in patients with accident-related injuries. [Vefútgáfa]. *Journal of Occupational Rehabilitation*, 17, 1-10.
- Lög um almannatryggingar* nr. 117/1993.
- Lög um félagslega aðstoð* nr. 118/1993.
- Murray, M. (2005). It's in the blood and you'r not going to change it': Fish harvester's narrative accounts of injuries and disability. *Work. A journal of prevention, assessment & rehabilitation* 28, 165-174.
- Ólafur Ólafsson. (2004). *Úr handraða Ólafs landlæknis – Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, 75 ára 11. nóvember 2003*. Vilhelm G. Kristinsson (ritstj.) Akureyri: Bókaútgáfan Hólar.
- Rice, F. P. (2001). *Human Development: A Life-Span Approach* (4. útg.). New Jersey: Prentice-Hall.
- Sager, L og James, C. (2005). Injured workers' perspectives of their rehabilitation process under the New South Wales Workers Compensation System. *Australian Occupational Therapy Journal*, 52, 127-135.
- Secker, J., Grove, B., og Seebohm, P. (2006). What have we learnt about mental health and employment. *The Mental Health Review*, 11 (1), 8-15.
- Siegrist, J. (2006). Work, health and welfare: new challenges. *International Journal of Social Welfare*, 15, 5-12.
- Sigurður Thorlacius, Sigurjón B. Stefánsson, Mohammed I. Ranavaya og Robert Walker. (2002). Vefjagigt og kvíðaröskun. [Vefútgáfa]. *Læknablaðið*, 88, 815-818.

Sigurður Thorlacius, Gunnar Kr. Guðmundsson og Friðrik Jónsson. (2002a).

Starfshæfni eftir starfsendurhæfingu á vegum Tryggingastofnunar ríkisins.

[Vefútgáfa]. *Læknablaðið*, 88, 407-411.

Sigurður Thorlacius, Gunnar Kr. Guðmundsson og Friðrik Jónsson. (2002b). Viðhorf

skjólstæðinga til starfsendurhæfingar á vegum Tryggingastofnunar ríkisins.

[Vefútgáfa]. *Læknablaðið*, 88, 641-644.

Sigurður Thorlacius, Sigurjón B. Stefánsson, Halldór Baldursson og Haraldur

Jóhannsson. (2004). Endurhæfingarlífeyrir eða örorkulífeyrir? [Vefútgáfa].

Læknablaðið, 90, 681-684.

Sigurður Thorlacius, Sigurjón B. Stefánsson og Stefán Ólafsson. (2007). Algengi

örorku á Íslandi 1. desember 2005. [Vefútgáfa]. *Læknablaðið*, 93, 11-14.

Sigurlína Davíðsdóttir (2003). Eigindlegar eða meginndlegar rannsóknaraðferðir? Í

Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í*

aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum (bls. 219-235). Akureyri:

Háskólinn á Akureyri.

Stefán Ólafsson. (2005). *Örorka og velferð á Íslandi og í öðrum vestrænum löndum*.

Reykjavík: Öryrkjabandalag Íslands og rannsóknarstöð þjóðmála. Háskóli

Íslands, félagsvísindastofnun. Sótt 20. júlí 2006, af

http://www.obi.is/media/utgafa/skyrslurinl/Ororka_og_velferd_a_Islandi_-_skyrsla_SO_.pdf

Svenson, T., Müssener, U. og Alexanderson, K. (2006). Pride, empowerment, and

return to work: On the significance of promoting positive social emotions

among sickness absentees. *Work. A journal of prevention, assessment &*

rehabilitation, 27, 57- 65.

Sæunn Stefánsdóttir. (2007, 23. janúar). Mikilvægir áfangar átaks í málefnum geðfatlaðra. *Morgunblaðið*. Sótt 24. mars 2007, af

<http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?radnr=1125680>

Tryggingarstofnun Ríkisins. (2007). *Endurhæfingarlífeyrir*. Sótt 3. maí 2007, af

<http://www.tr.is/heilsa-og-sjukdomar/thjalfun-og-endurhaefing/endurhaefingalifeyrir/>

Tryggvi Þór Herbertsson. (2005). *Fjölgun öryrkja á Íslandi: Orsakir og afleiðingar*.

Reykjavík: Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið.

Vinnumálastofnun. (2007). *Starfsþjálfun/Starfskynning/Reynsluráðning*. Sótt 2. maí

2007, af <http://www.vinnumalastofnun.is/page2.asp?id=1368>

Watson, D. E. og Wilson, S. A. (2003). *Task Analysis. An individual and population approach*. (2. útg.). Aota Press. Bethesda.

FYLGISKJAL A
LEYFI VÍSINDASIÐANEFNDAR

Háskólinn á Akureyri, heilbrigðisvið
Kristjana Fenger, lektor
Sólborg v/Norðurslóð
Pósthólf 224
602 Akureyri



VÍSINDASIÐANEFND

Vegmúla 3, 108 Reykjavík,
Sími: 551 7100, Bréfsími: 551 1444
netfang: visindasidanefnd@vsn.stjr.is

Reykjavík 29. nóvember 2006

Tilvisun: VSNb2004100009/03-1 Ný almenn rannsóknar umsókn/BH/--

Varðar: 04-119-V1-S1 Vegurinn til vinnu, gagnleg hjálp í kjölfar veikinda eða slysa.

Vísindasíðanefnd þakkar svarbréf þitt, dags. 26.11.2006 vegna áðursendra athugasemda á viðbót nr. 1 við ofangreinda rannsóknaráætlun sbr. bréf nefndarinnar dags. 08.11.2006. Í bréfinu koma fram svör og skýringar til samræmis við athugasemdir Vísindasíðanefndar og því fylgdu ný og endurbætt upplýsinga- og samþykkisbréf til þátttakenda rannsóknarinnar.

Fjallað hefur verið um svarbréf þitt og önnur innsend gögn og eru þau talin fullnægjandi.

Vísindasíðanefnd hefur farið yfir bréf þitt og innsend gögn og gerir ekki frekari athugasemdir við tilgreindar breytingar. Viðbót nr. 1 við ofangreinda rannsókn er endanlega samþykkt af Vísindasíðanefnd.

Með kveðju,
f.h. Vísindasíðanefndar,

Ólaf Yrr Atladóttir, framkvæmdastjóri

FYLGISKJAL B
TILKYNNING TIL PERSÓNUVERNDAR

Kristjana Fenger

Akurholti 4
270 Mosfellsbær



Persónuvernd

Rauðarásaríg 10 · 105 Reykjavík
sími: 510 9600 · bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík 7. nóvember 2006
Tilvísun: S3146/2006/ HS/--

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur móttækið tilkynningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningin er nr. S3146/2006 og fylgir afrit hennar hjálägt.

Allar tilkynningar sem berast Persónuvernd birtast sjálfkrafa á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkynninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar um efni þeirra.

Virðingarfyllst,

Hrunn Sigurðardóttir

FYLGISKJAL C
VIÐTALSRAMMI

Viðtalsrammi

Vegurinn til vinnu

- Mig langar til að heyra sögu þína frá því að þú missir vinnuna og þar til þú varst komin(n) í vinnu aftur, heyra um hvað það var sem hjálpaði þér á þeirri leið
- Viltu segja mér frá því hvernig það bar til að þú misstir vinnuna
- Viltu segja mér frá viðbrögðum þínum og þinna nánustu
- Hvaða hjálp fékkstu? Frá hinu opinbera? Frá fjölskyldu og vinum? Frá vinnufélögum og vinnuveitendum?
- Hverjir komu að hjálpinni? Hvernig voru tengslin, jöfn, ójöfn, engin?
- Hvað hjálpaði og hvernig? Í hvaða formi var hjálpin (viðgerð, fræðsla, “therapeutisk” tengsl – spyrja nánar út í það og gagnsemi þess)? Forræði?
- Hvað tafði fyrir og hvernig?
- Hvaða áhrif hafði þetta allt á þig? Á líf þitt og þinna nánustu?
- Hverju þakkar þú helst að þú ert í vinnu í dag?
- Hversu ánægð(ur)/óánægð(ur) ertu með stöðu þína í dag?
- Hvað hefði getað gert göngu þína léttari?

FYLGISKJAL D
KYNNINGARBRÉF TIL ÞÁTTTAKENDA



Kynningarbréf

„Vegurinn til vinnu, gagnleg hjálp í kjölfar veikinda eða slysa“

Ábyrgðarmaður rannsóknar: Kristjana Fenger, iðjubjálfi og lektor við Háskólan á Akureyri. Símar: 861-3763 og 460-8469. Netfang: kfenger@unak.is

Kæra/kæri _____

Ég skrifa þér þetta bréf þar sem þú hefur tekið þátt í atvinnulegri endurhæfingu í kjölfar langvarandi veikinda eða slyss, hefur snúið aftur út á vinnumarkaðinn í 50% starf eða meira, unnið í þrjá mánuði eða lengur og hefur gefið leyfi fyrir því að þetta kynningarbréf sent.

Ég hafði samband við þrjá staði á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða upp á atvinnulega endurhæfingu. Þeir féllust á að hafa samband við nokkra fyrrum skjólstaðinga sína sem þeir töldu að væru tilbúnir að greina frá reynslu sinni við undirritaða Kristjónu Fenger sem lið í rannsókninni „Vegurinn til vinnu, gagnleg hjálp í kjölfar veikinda eða slysa“. Þessari rannsókn er ætlað að leyfa rödd þeirra að heyrast sem sjálfir hafa reynslu af að koma sér út á vinnumarkaðinn aftur í kjölfar veikinda eða slyss. Reynsla þeirra, frásögn af því sem greiddi götu þeirra og hindraði á leið í vinnu aftur, gæti nýst til að bæta þá þjónustu sem boðið er upp á í samfélaginu.

Síðar hafði ég samband við einn stað á Norðurlandi með samskonar starfssemi. Aðstandendur hans tjáðu sig tilbúna að taka þátt í rannsókninni. **Viðtöl við fyrrum skjólstaðinga þeirra verða tekin af Magnfríði Sigurðardóttur og Sólveigu Gísladóttur, nemendum við Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri. Auk þess að vera hluti af rannsókn minni verður þessi hluti gagnanna einnig grunnur að lokaverkefni nemendanna til BS gráðu í iðjubjálfun. Framgangur þeirra mun fylgja í einu og öllu því verklagi sem lýst er í rannsókn minni og fylgir hér á eftir. Önnur þeirra mun taka viðtöl við þig.** Ég er leiðbeinandi verkefnis þeirra. Ef viðtalið vekur upp óþægilegar minningar eða tilfinningar sem þú vilt ræða er þér velkomið að hafa samband við Elínu Diónnu Gunnarsdóttur sálfræðing í síma 460-8670 þér að kostnaðarlausu.

Rannsóknin er viðtalsrannsókn. Viðtalið tekur um eina klukkustund og fer fram á þeim tíma sem hentar þér, heima hjá þér eða þar sem þú óskar. Viðtalið verður hljóðritað og afritað í kjölfar þess. Að því loknu verður upptökunni eytt. Gögnin verða greind og niðurstöðum komið á framfæri við forráðamenn í samfélaginu. Niðurstöður nemendaverkefnisins birtast í lokaskýrslu þeirra við háskólann. Fyllsta trúnaðar verður gætt varðandi allar upplýsingar sem aflað verður í rannsókninni. Nafn þitt og kennitala kemur hvergi fram, hvorki í munnlegum eða skriflegum gögnum rannsóknarinnar. Þér er að sjálfsögðu frjálst að hafna þátttöku í rannsókninni án útskýringa. Ef þú hins vegar fellst á að taka þátt í henni ertu vinsamlegast beðin/n um að hafa samband við Magnfríði Sigurðardóttur í síma 699-1132 og þið komið ykkur saman um tíma til að hittast.


Ég er iðjubjálfi og lektor við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri og starfaði áður sem iðjubjálfi í rúm tuttugu ár. Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á atvinnulegri endurhæfingu og að sú aðstoð sem fólk fær frá samfélaginu og sínum nánustu nýtist þeim sem best til að komast til vinnu aftur. Þú munt ekki hagnast bein af þessari rannsókn en þátttaka þín hjálpar til við að þróa þjónustu sem getur gagnast öðrum sem eru í atvinnulegri endurhæfingu. Engir þekktir áhættuþættir eru samfara því að taka þátt í rannsókninni.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt Persónuvernd og hlotið leyfi Vísindasiðanefndar.

Ef þú hefur spurningar varðandi könnunina eða vilt hætta þátttöku í rannsókninni getur þú haft samband við undirritaða sem er ábyrgðarmaður rannsóknar.

Nóvember 2006

Með virðingu og vinsemd


Kristjana Fenger

Ef þú hefur spurningar um rétt þinn sem þátttakandi í vísindarannsókn eða vilt hætta þátttöku í rannsókninni getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Vegmúla 3, 108 Reykjavík. Sími: 551 7100, Bréfsími: 551 1444



Kynningarbréf

„Vegurinn til vinnu, gagnleg hjálp í kjölfar veikinda eða slysa”

Ábyrgðarmaður rannsóknar: Kristjana Fenger, iðjubjálfi og lektor við Háskólann á Akureyri. Símar: 861-3763 og 460-8469. Netfang: kfenger@unak.is

Kæra/kæri _____

Ég skrifa þér þetta bréf þar sem þú hefur tekið þátt í atvinnulegri endurhæfingu í kjölfar langvarandi veikinda eða slyss, hefur snúið aftur út á vinnumarkaðinn í 50% starf eða meira, unnið í þrjá mánuði eða lengur og hefur gefið leyfi fyrir því að þetta kynningarbréf sent.

Ég hafði samband við þrjá staði á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða upp á atvinnulega endurhæfingu. Þeir féllust á að hafa samband við nokkra fyrrum skjólstæðinga sína sem þeir töldu að væru tilbúnir að greina frá reynslu sinni við undirritaða Kristjönu Fenger sem lið í rannsókninni „Vegurinn til vinnu, gagnleg hjálp í kjölfar veikinda eða slysa”. Þessari rannsókn er ætlað að leyfa rödd þeirra að heyrast sem sjálfir hafa reynslu af að koma sér út á vinnumarkaðinn aftur í kjölfar veikinda eða slyss. Reynsla þeirra, frásögn af því sem greiddi götu þeirra og hindraði á leið í vinnu aftur, gæti nýst til að bæta þá þjónustu sem boðið er upp á í samfélaginu.

Síðar hafði ég samband við einn stað á Norðurlandi með samskonar starfssemi. Aðstandendur hans tjáðu sig tilbúna að taka þátt í rannsókninni. Viðtöl við fyrrum skjólstæðinga þeirra verða tekin af Magnfríði Sigurðardóttur og Sólveigu Gísladóttur, nemendum við Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri. Auk þess að vera hluti af rannsókn minni verður þessi hluti gagnanna einnig grunnur að lokaverkefni nemendanna til BS gráðu í iðjubjálfun. Framgangur þeirra mun fylgja í einu og öllu því verklagi sem lýst er í rannsókn minni og fylgir hér á eftir. Önnur þeirra mun taka viðtal við þig. Ég er leiðbeinandi verkefnis þeirra. Ef viðtalið vekur upp óþægilegar minningar eða tilfinningar sem þú vilt ræða er þér velkomið að hafa samband við Elínu Dönnu Gunnarsdóttur sálfræðing í síma 460-8670 þér að kostnaðarlausu.

Rannsóknin er viðtalsrannsókn. Viðtalið tekur um eina klukkustund og fer fram á þeim tíma sem hentar þér, heima hjá þér eða þar sem þú óskar. Viðtalið verður hljóðritað og afritað í kjölfar þess. Að því loknu verður upptökunni eytt. Gögnin verða greind og niðurstöðum komið á framfæri við forráðamenn í samfélaginu. Niðurstöður nemendaverkefnisins birtast í lokaskýrslu þeirra við háskólann. Fyllsta trúnaðar verður gætt varðandi allar upplýsingar sem aflið verður í rannsókninni. Nafn þitt og kennitala kemur hvergi fram, hvorki í munnlegum eða skriflegum gögnum rannsóknarinnar. Þér er að sjálfsögðu frjálst að hafna þátttöku í rannsókninni án útskýringa. Ef þú hins vegar fellst á að taka þátt í henni ertu vinsamlegast beðin/n um að hafa samband við Sólveigu Gísladóttur í síma 845-9082 og þið komið ykkur saman um tíma til að hittast.

Ég er iðjubjálfi og lektor við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri og starfaði áður sem iðjubjálfi í rúm tuttugu ár. Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á atvinnulegri endurhæfingu og að sú aðstoð sem fólk fær frá samfélaginu og sínum nánustu nýtist þeim sem best til að komast til vinnu aftur. Þú munt ekki hagnast bein af þessari rannsókn en þátttaka þín hjálpar til við að þróa þjónustu sem getur gagnast öðrum sem eru í atvinnulegri endurhæfingu. Engir þekktir áhættuþættir eru samfara því að taka þátt í rannsókninni.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt Persónuvernd og hlotið leyfi Vísindasiðanefndar.

Ef þú hefur spurningar varðandi könnunina eða vilt hætta þátttöku í rannsókninni getur þú haft samband við undirritaða sem er ábyrgðarmaður rannsóknar.

Nóvember 2006

Með virðingu og vinsemd

Kristjana Fenger

Ef þú hefur spurningar um rétt þinn sem þátttakandi í vísindarannsókn eða vilt hætta þátttöku í rannsókninni getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Vegmúla 3, 108 Reykjavík. Sími: 551 7100, Bréfsími: 551 1444

FYLGISKJAL E
UPPLÝST SAMÞYKKI



Upplýst samþykki

„Vegurinn til vinnu, gagnleg hjálp í kjölfar veikinda eða slysa”

Ábyrgðarmaður rannsóknar: *Kristjana Fenger, lektor við Háskólann á Akureyri*
Símar: 861-3763 og 460-8469

Samþykki þátttakanda

Ég undirrituð/aður samþykki þátttöku í rannsókninni „Vegurinn til vinnu, gagnleg hjálp í kjölfar veikinda eða slysa” eftir að hafa fengið um hana upplýsingar sem um getur á upplýsingablaði og ég hef í minni vörslu. Ennfremur samþykki ég þátttöku í *BS lokaverkefni* þeirra Magnfríðar Sigurðardóttur og Sólveigar Gísladóttur, nemenda í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri. Mér er kunnugt um að ég get óskað þess að hætta þátttöku hvenær sem mér sýnist án skýringa. Mér hefur verið tjáð að ákvæðum Helsinkisáttmálans sé fullnægt í þessari rannsókn.

Dagsetning

Undirskrift þátttakanda

Staðfesting rannsakanda

Ég undirrituð staðfesti að ég hef upplýst ofangreindan þátttakanda um tilgang og eðli rannsóknarinnar „Vegurinn til vinnu, gagnleg hjálp í kjölfar veikinda eða slysa” í samræmi við lög og reglur um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og um lokaverkefni mitt til BS gráðu í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri.

Undirskrift rannsakanda/nemanda